

Varmahlíðarskóli



Skýrsla um sjálfsmat

2009 – 2010

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Um Varmahlíðarskóla	2
Þróunar- og nýbreytnistarf	4
1. Erlent samstarf	5
2. Samstarfsverkefni grunn- og leikskóla	7
3. Skólahald í strjálbýli	7
4. Einneltisáætlun Olweusar	7
5. Skólanámskrá	10
6. Verknámsdeild	10
7. Vinaverkefnið	10
8. Vinnuhópur um móttökuáætlun	11
9. Útikennsla/útinám	11
10. Grænfáninn	12
11. Lýðheilsuhópur	12
12. Samstarf heimilis og skóla	13
13. Námsmatsnefnd	14
14. Tölvunefnd	14
15. Menningararfurinn og heimabyggðin, þróunarverkefni	15
16. Foreldrafélag	15
Endurmenntun	15
Sjálfsmat	16
Almennt um gæðagreina	16
Úttekt á sjálfsmatsaðferðum Varmahlíðarskóla og framkvæmd þeirra	20
Sjálfsmatið í vetur	22
Mat á gæðagreini 3.1 <i>Þátttaka starfsfólks í starfi skólans</i>	22
Matsniðurstöður gg 3.1	24
Þróunaráætlun gg 3.1	26
Mat á gæðagreini 5.9 <i>Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs</i>	27
Matsniðurstöður gg 5.9	29
Þróunaráætlun gg 5.9	30
Kannanir	31
Árleg skimun kennara	32
Niðurstöður úr skimun	32
Áform um þróunar- og nýbreytnistarf	33
Áætlun um innra mat	35
Yfirlit lykilþátta og gæðagreina úr Gæðagreinum 2	35
Viðaukar	39

Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein nýrra grunnskólalaga ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Sjá grunnskólalögin nánar á eftirfarandi slóð:

<http://www.nymenntastefna.is/media/frettir//grunnskolalog.pdf>

Með sjálfsmatinu fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Árangur skólans í einstökum þáttum er metinn þar sem markmið skólans eru lögð til grundvallar sem viðmið. Í matsferlinu eru sterkir og veikir þættir skólastarfsins dregnir fram. Leitað er leiða til að viðhalda sterku þáttunum og efla þá enn frekar. Brugðist er við veikum þáttum með því að setja fram þróunaráætlun sem felur í sér umbætur á viðkomandi þætti í skólastarfinu. Þannig á sjálfsmatið ætíð að stuðla að umbótum í skólastarfi. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að gera góðan skóla betri. Sjálfsmat skóla er því leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Varmahlíðarskóli hefur notað *Gæðagreina*, sjálfsmatskerfi að skoskum uppruna, allt frá haustinu 2002. Skólaskrifstofa Skagfirðinga þýddi efnið *How good is our school* árið 1999. Gæðagreinararnir hafa verið aðgengilegir fyrir skólafólk og efni upphaflegu gæðagreinnanna má sjá á eftirfarandi slóð:

<http://skolar.skagafjordur.is/gaedagreinar/>

Í vetur gerði áætlun um sjálfsmat í Varmahlíðarskóla ráð fyrir að ný útgáfa af gæðagreininum *How good is our school* 3 yrði tekin í notkun að hluta til. Nú er þýðingu á þeirri útgáfu lokið. Helga Harðardóttir, og Þóra Björk Jónsdóttir kennsluráðgjafar í Skagafirði sáu um þýðinguna. Starfsfólk Varmahlíðarskóla hefur nú á vormánuðum metið nýja gæðagreina úr *Gæðagreinum 2*. Sjá síðar í sjálfsmatskýrslu.

Um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Upptökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í

framanverðum Skagafirði. Frá haustinu 2006 hafa allir grunnskólanemendur úr Akrahreppi sótt skóla í Varmahlíð. Nokkrir nemendur koma annars staðar að úr héraðinu. Allir nemendur utan göngufæris við skólann eru í daglegum heimanakstri.

Nýbúar voru engir að þessu sinni.

Í lok skólaársins voru nemendur alls 135 og var skipting þeirra á bekkjardeildir þessi:

1. bekkur 12 nemendur	Umsjón Lára Gunnðís Magnúsdóttir
2. bekkur 13 nemendur	Umsjón Sara Gísladóttir
3. bekkur 10 nemendur	Umsjón Birgitta Sveinsdóttir
4. bekkur 15 nemendur	Umsjón Vala Kristín Ófeigsdóttir
5. bekkur 19 nemendur	Umsjón Sigrún Benediksdóttir
6. bekkur 13 nemendur	Umsjón Ásdís S. Sigurjónsdóttir
7. bekkur 10 nemendur	Umsjón Kristvina Gísladóttir
8. bekkur 15 nemendur	Umsjón Íris Olga Lúðvíksdóttir
9. bekkur 14 nemendur	Umsjón Sigríður Ólöf Sigurðardóttir/ Helga Sigurðard.
10. bekkur 13 nemendur	Umsjón Ólafur Atli Sindrason

Allir bekkir eiga sína heimastofu. Tölvuver með 13 nettengdum tölvum er nýtt skv. sérstakri stundaskrá og hljóta allir nemendur skólans þjálfun í fingrasetningu, auk annarrar tölvukennslu, sem reynt er að flétta eftir megni inn í kennslu í sem flestum bóklegum greinum, þar sem við á. Nemendum í 10. bekk bauðst að nýta tölvutímana til setu í áfanganum UTN 103, í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og nýttu flestir nemendur sér það. Bókasafn eða upplýsingamiðstöð skólans liggur að tölvustofunni. Þar eru fjórar nemendatölvur sem eru samnýttar með tölvuverinu þegar það á við. Textílmenn, smíðar, heimilisfræði, vélfræði og málmsmíði eiga einnig sínar sérgreinastofur.

Starfsmenn skólans eru 40, en stöðugildin nokkru færri. Kennarar eru 17, þar af eru 3 leiðbeinendur. Hluti kennara er í hlutastarfi. Kennsluráðgjafi hefur viðveru í skólanum einn dag í viku að jafnaði og sinnir 40% starfi í Varmahlíðarskóla á móti 60% starfi við Árskóla.

Við skólann starfa húsvörður (í aðalhúsi) og umsjónarmaður íþróttamannvirkja. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi eru þrír. Í mötuneyti starfar ráðskona og aðstoðarráðskona ásamt tveimur öðrum starfsmönnum. Skólaliðar eru sex talsins. Þrír þeirra eru í fullu starfi en aðrir í hlutastörfum.

Skólastarf hefst kl. 8:30 á morgnana. Skólabílstjórar eru sjö. Nokkuð er breytilegt milli vikudaga hve lengi er kennt. Á fimmtudögum eru tækifæri til félagsstarfa fyrir eldri nemendur og er nemendum ekið heim að þeim loknum. Einnig gefst eldri nemendum kostur á fjölbreyttu félagsstarfi á vegum Félagsmiðstöðvarinnar Friðar, utan Varmahlíðar. Böll eru haldin á mánaðarfresti fyrir eldri nemendur á vegum skólans. Haldnar eru tvær bekkjarskemmtanir fyrir hvern bekk á hverju skólaári í umsjón umsjónarkennara Félagsstörf yngri nemenda hafa verið eflað stórlega á þessu skólaári. Foreldrafélag var stofnað við skólann s.l. haust sem aftur stofnaði bekkjarráð yngri og eldri deilda. Hlutverk bekkjarráða var m.a. að halda utan um félagsmál nemenda.

Skólinn er einsetinn og í mötuneytinu fá nemendur og þeir starfsmenn sem þess óska, morgun- og hádegisverð daglega og miðdegisdrykk á fimmtudögum. Kvöldmat er einnig framreiddur, þegar þörf er á.

Tónlistarskóli Skagafjarðar nýtir hluta gömlu heimavistarinnar og eiga nemendur kost á að sækja tónlistarkennslu á skólatíma. Mikil og farsæl samvinna er á milli Varmahlíðarskóla og Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Í Varmahlíðarskóla er reynt eftir megni að fylgjast með nýjustu straumum og stefnum í menntun grunnskólabarna og starfsmanna. Það er stefna skólans að hafa heimabyggðina í hávegum. Hér eru talin upp helstu atriði, sem unnið hefur verið að skólaárið 2009-2010 og falla undir þennan lið:

1. Erlent samstarf

2. Samstarfsverkefni grunn- og leikskóla
3. Skólahald í strjálbýli
4. Eineltisáætlun Olweusar
5. Skólanámskrá
6. Verknámsdeild
7. Vinaverkefnið
8. Vinnuhópur um móttökuáætlun
9. Útikennsla/útinám
10. Grænfáninn
11. Lýðheilsunefnd
12. Samstarf heimilis og skóla
13. Námsmatsnefnd
14. Tölvunefnd
15. Menningararfurinn og heimabyggðin, þróunarverkefni
16. Foreldrafélag

1. Erlent samstarf

Heilbrigt barn – Ánægt barn, Verkefni 2009 – 2011

Eins og fram kom í sjálfsmatsskýrslu skólans í fyrravor sótti Varmahlíðarskóli um að taka þátt í enn einu fjölpjódlegu verkefni og gekk það eftir.

Verkefnið heitir á frummálinu *Healthy Child – Happy Child* eða heilbrigt barn – ánægt barn. Verkefnið er styrkt af Comeniusarsjóði og er til tveggja ára en það er 5. bekkur sem tekur þátt í því að þessu sinni. Löndin sem taka þátt auk okkar eru: Danmörk, Finnland og Spánn.

Verkefnið hófst formlega með því að fulltrúar frá öllum skólum sem koma að verkefninu hittust á fundi í Cádiz á Spáni haustið 2009. Þar voru haldnir vinnufundir um væntanlegt samstarf en einnig fengum við tækifæri til að skoða skólann og fara í skoðunarferðir um Cádiz og nágrenni. Í mars fórum við svo til Joensuu í Finnlandi og heimsóttum skólann þar, funduðum um verkefnið og fengum að sjá og upplifa þeirra menningu s.s. göngu-

skíði, snjóþrúgur, gufuböð og að baða sig í ísvatni. Næsta haust á að hittast hér hjá okkur og endað verður á fundi í Danmörku vorið 2011. En með styrkveitingunni er ætlast til að kennarar nemendanna sem taka þátt í verkefninu heimsæki alla þáttökuskólana á þeim tveimur árum sem verkefnið stendur yfir.

Það sem unnið hefur verið í vetur

Nemendur fengu allir sín eigin netföng, fylltu út skjal um sig sem sent var til allra landanna. Þannig fékk hver og einn nemandi pennavin sem hann skrifaðist á við, bæði í gegnum tölvu en eins í með sniglapósti. Nemendur sendu einnig jólakort og jólaskraut sem þeir bjuggu sjálfir til. Einnig voru upplýsingar sendar á milli skólanna um jólin og jólahefðir í hverju landi. Nemendur sendu klippimynd um það sem þeim þótti sérstakt við landið sitt. Allir skólar hafa líka unnið með orð tengd íþróttum. Nemendur völdu orð, kennarar þýddu þau og útkoman varð veggspjald með myndum og orðum á fimm tungumálum eða: íslensku, ensku, spænsku, finnsku og dönsku. Því næst gerðu allir bekkir bækling um skólann sinn með myndum og texta sem var sendur á milli til allra. Síðan valdi hver og einn bekkur skólalóðarleik sem þeir léku og tóku upp á myndband sem þeir sendu ásamt leiklýsingu til allra þáttökuskólanna. Í haust fá svo nemendur að sjá leikina frá hinum skólunum og prófa þá.

Eins og sjá má hefur verið nóg að gera hjá nemendum og kennurum en það er óhætt að segja að allir hafi verið mjög jákvæðir og spenntir og sinnt sínu mjög samviskusamlega og vel.

Nýtt samstarfsverkefni fyrirhugað

Á haustdögum 2009 fékk Varmahlíðarskóli styrk til að undirbúa nýtt Comeniusarsamstarf. Heiti verkefnisins er *Living near a volcano*. Undirbúningsfundurinn fór fram í Reinsfeld í Þýskalandi og var það hún Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir sem fór í þessa ferð ásamt fulltrúum frá Frakklandi og Ítalíu. Önnur lönd hafa síðar bæst í hópinn þ.e. Spánn, Tyrkland og Portúgal. Sótt hefur verið um styrk fyrir verkefnið og upplýsingar um styrkveitingu eru væntanlegar í júní 2010.

2. Samstarfsverkefni Varmahlíðarskóla og Leikskólans Birkilundar, Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni grunn- og leikskóla. Það byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Verkefnið hófst vorið 2007 og hefur verið starfrækt æ síðan. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel og ýmsir bekkir skólans hafa farið í heimsókn á leikskólann. Þar hefur verið leikið, lesið og sungið. Skólahópurinn hefur m.a. komið í tölvutíma hjá 2. bekk, sund með 9. bekk, smíðar og textílmennt með 10. bekk, náttúrufræði með 8. bekk og heimilisfræði og myndmennt hjá 5. bekk. Hópurinn hefur heimsótt bókasafn skólans, hlustað á sögur og fengið bækur að láni. Einnig hafa yngstu bekkir skólans og skólahópur leikskólans farið saman í vettvangsferðir um nágrenni skólanna að vori og hausti. Skólahópurinn hefur fengið að koma á lokaæfingu fyrir litlu jóla skólans og einnig fyrir árshátíð yngri nemenda og 1. bekkur fór á lokaæfingu fyrir útskrift skólahóps leikskólans. Teljum við þetta verkefni hafa gengið mjög vel og ekkert nema gleði og gaman sem hefur fylgt því.

3. Skólahald í strjálbýli

Vorverkefni nemenda miðuðust sem fyrr við það markmið að laga skólahaldið að hinu dreifbýla samfélagi í heimabyggðinni. Nemendur vinna þá verkefni heima fyrir í tvo daga að jafnaði og halda dagbók um þau.

4. Eineltisáætlun Olweusar

Nýir lykilmenn hófu störf í upphafi skólaárs en þeir eru Ólafur Atli Sindrason, Helga Þ. Hjálmarsdóttir, Helga Friðbjörnsdóttir og Vala Kristín Ófeigsdóttir. Fundað var með lykilmönnum í upphafi skólaárs og línur fyrir vetrarstarfið lagðar. Í september voru haldnir umræðufundir með starfsfólki Varmahlíðarskóla þar sem farið var yfir eineltisáætlun Olweusar og þau vinnubrögð sem viðhöfð eru skv. áætluninni. Starfsfólk vann svo að hugmyndalistum um vetrarstarfið í framhaldinu ásamt því að koma með ábendingar

um fræðslu varðandi einelti og forvarnir gegn því. Hugmyndum var safnað saman og skilað inn til verkefnisstjóra. Nokkrar hugmyndir hafa komist til framkvæmda í vetur. M.a. voru margar nýttar á Olweusardegi í nóvember sl. Eins og ráð er fyrir gert í Olweusaráætluninni fær allt nýtt starfsfólk kynningu á henni í upphafi skólaárs. Í september var slík kynning haldin sameiginlega fyrir nýtt starfsfólk í Varmahlíðarskóla og Árskóla.

Þann 18. nóvember var Olweusardagur haldinn hátíðlegur í Varmahlíðarskóla. Nemendur og starfsfólk skólans unnu að metnaðarfullum verkefnum í anda Olweusar þennan dag.

Markmið Olweusardagsins voru eftirfarandi:

- ▶ Að hafa starfið samkvæmt eineltisáætluninni sýnilegt og lifandi
- ▶ Að allir nemendur og starfsmenn upplifi jákvæða og skemmtilega vinnu í anda Olweusar
- ▶ Að lögð sé áhersla á forvarnarvinnu, t.d. unnið með ákveðin gildi eins og vináttu, virðingu, umburðarlyndi og samkennd

Öllum nemendum skólans var skipt í 6 hópa þvert á árganga. Þannig gafst nemendum tækifæri til að kynnast og eiga saman skemmtilegar samverustundir með skólafélögum sínum á ólíkum aldri. Viðfangsefni hópa voru fjölbreytt t.d. var farið í hlutverka- og hópeflisleiki, vináttukökur bakaðar, myndbönd um vináttu búin til, smíðuð friðarborð, vináttublóm og vináttubönd unnin, unnið með hrós og fleira mætti telja. Í lok dagsins söfnuðust allir nemendur og starfsfólk saman fyrir utan skólann. Öllum voru gefin stór hjörtu til að hengja um hálsinn með jákvæðum orðum á og fengu svo að gæða sér á vináttukökum sem í var málsháttur. Að lokum leiddust allir hönd í hönd, nemendur og starfsfólk og mynduðu stórt hjarta sem látið var slá. Þetta var táknræn athöfn til að sýna væntumþykju allra við hvern annan og skólann. Eftir það var mynduð löng keðja nemenda og starfsmanna hringinn í kring um skólann og skólinn faðmaður.

Tengslakannanir til að kanna félagstengsl nemenda voru gerðar í öllum bekkjum. Sérstakt forrit var keypt í skólann svokallað *Socoan* forrit til að auðvelda úrvinnslu slíkra tengslakannanna og er það á rafrænu formi. Kennsluráðgjafi sá um að kynna notkun forritsins fyrir kennurum og vera þeim til aðstoðar við úrvinnslu þegar leitað var eftir því.

Hefðbundnir umræðufundir voru haldnir tvisvar sinnum yfir skólaárið þar sem farið var m.a. yfir félagslega stöðu hvers nemanda. Auk þess voru umræðufundnir starfsfólks haldnir þegar undirbúa átti Olweusardag, þegar niðurstöður úr Olweusarkönnun lágu fyrir o. fl.

Varmahlíðarskóli og Árskóli sóttu sameiginlega um styrk í *Sáttmála til sóknar*, vegna fræðslu um einelti og forvarnir gegn því fyrir starfsfólk, foreldra og nemenda í skólunum. Ætlunin var að fá fyrirlesara til að fræða og fjalla um málefni tengd eineltismálum. Þar sem svar barst í seinna lagi frá Sáttmálasjóðnum var ákveðið að fresta fyrirhugaðri fræðslu til haustsins 2010.

Árleg Olweusarkönnun var lögð fyrir nemendur í 4. – 10. bekk í nóvember. Í Olweusarkönnun eru skoðaðir þættir eins og viðbrögð í eineltisaðstæðum, afstaða nemenda til eineltis, túlkun nemenda á ýmsum þáttum, líðan þeirra og viðhorf þeirra til þess hvernig aðrir/umhverfið bregðast/bregst við eineltisvandanum. Helstu niðurstöður úr könnuninni voru þær að 2 nemendur eða 2,3% svarenda í 4.-10. bekk sögðust hafa orðið fyrir einelti þegar spurt var beint. Til samanburðar þá mældist einelti 2,2% í nóvember 2008 í Varmahlíðarskóla. Sem dæmi um svörun nemenda úr könnuninni má nefna að 91,5% nemenda svara að þeim líði *vel* eða *mjög vel* í skólanum. Niðurstöður úr Olweusarkönnunum eru ávallt kynntar starfsfólki skólans og nemendum. Einnig er samantekt á niðurstöðum úr Olweusarkönnun frá í nóv. 2009 birt á heimasíðu skólans, undir liðnum skólastarfið, sjálfsmat.

Á áætlun fyrir næsta skólaár er að uppfæra eineltisáætlun skólans. Gert er ráð fyrir fræðslu um eineltisvandann og forvarnir gegn einelti til starfsfólks, nemenda og foreldra á haustönn. Áfram verður haldið að vinna undir merkjum Olweusar og reynt að efla forvarnarstarfið eftir megni. M.a. er ráðgert að halda svokölluðum Olweusardögum áfram sem hafa auðgað skólastarfið og eflt forvarnir gegn einelti. Átak gegn einelti er orðinn fastur liður í starfi skólans og allir meðvitaðir um hversu mikilvægt er að fyrirbyggja einelti og taka strax á málum sem upp koma.

5. Skólanámskrá

Í vetur fengu Varmahlíðarskóli ásamt Árskóla styrk frá *Sáttmála til sóknar* til að halda áfram með verkefnið *Aukin fagmennska kennara*. Í Varmahlíðarskóla var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á mótun heildstæðrar skólanámskrár og vinna að því metnaðarfulla verkefni með þátttöku alls starfsfólks.

Við leitum til Háskólans á Akureyri með verkefnið og var það hún Birna Svanbjörnsdóttir, sérfræðingur á Skólaþróunarsviði sem stýrði verkefninu ásamt stýrihópi en hann skipa Helga Harðardóttir kennsluráðgjafi og Kristvina Gísladóttir aðstoðarskólastjóri. Birna kom til okkar þrisvar sinnum; hélt fyrirlestra og stjórnaði vinnu starfsfólks. Einnig var unnið að skólanámskrágerð á starfsdögum og á föstum fundatímum. Það sem vannst í vetur var að sýn skólans var mótuð, stefna og sérstaða skólans rökstudd og rýnt í skólanámskrá Varmahlíðarskóla og skipurit að nýrri námskrá liggur fyrir. Þessi vinna heldur svo áfram í haust.

6. Verknámsdeild

Á vordögum 2008 var ákveðið að leggja meiri áherslu á verknám fyrir nemendur með sérþarfir. Haustið 2008 var verknámsdeildin stofnuð og sá Einar Örn Einarsson leiðbeinandi um handleiðslu hennar. Nokkrir nemendur á unglíngastigi voru að mestu leyti í verknámi bæði í skólanum og utan hans. Einnig var verknámsdeildin nýtt fyrir aðra nemendur á unglíngastigi.

7. Vinaverkefni

Vinaverkefnið er samstarfsverkefni leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístundaeildar og foreldra í Skagafirði. Varmahlíðarskóli á tvo fulltrúa í vinateyminu. Selma Barðdal uppeldis- og sálfræðiráðgjafi hjá skólaskrifstofu hefur veitt teyminu forstöðu í vetur. Nú í maímánuði tók Hanna Dóra Björnsdóttir við formennsku í teyminu þar sem Selma mun verða í barnseignarleyfi næsta skólaár. Grunnhugmynd vinaverkefnisins er að ekkert barn í Skagafirði upplifi vinalausa æsku og að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn. Vina- verkefnið hófst formlega vorið 2008 og hefur verið styrkt af styrktarsjóðnum *Sáttmáli til sóknar*.

Í vetur var áfram unnið skv. hugmyndafræði vinaverkefnisins. Í desember sl. var haldið námskeið fyrir starfsmenn sem koma að íþrótt- og tómstundaiðkun barna og unglunga í Skagafirði. Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur, leiddi það starf. Námskeiðið var haldið í *Húsi rítímans* og sóttu það rúmlega 30 manns. Á námskeiðinu fór Þórkatla yfir samskipti og samábyrgð allra er koma að starfi með börnum og unglungum og sýndi fram á vænlegar leiðir sem þátttakendur gætu nýtt sér í starfi sínu. Almenn ánægja var með námskeiðið á meðal þátttakenda. Kynning á vinaverkefninu hefur staðið yfir í allan vetur, m.a. var upplýsingabæklingur og segull sendur inn á öll heimili og verkefnið kynnt á Atvinnulífssýningu sveitarfélagsins. Viðbragðsáætlun vinaverkefnis var virkjuð í upphafi árs. Heimasíða vinaverkefnisins leit dagsins ljós á vormisseri. Slóðin að henni er <http://www.vinaverkefnid.is/>. Ýmis fleiri verkefni voru unnin af vinateyminu í samvinnu við samstarfsaðila.

Markmið vinaverkefnisins:

- Að fjalla á jákvæðan hátt um virðingu í samskiptum, vináttu og velferð barna og unglunga
- Að samræma áherslur þeirra sem koma að leik og starfi með börnum og unglungum í því skyni að búa börnum og unglungum hvetjandi umhverfi
- Að leggja áherslu á styrkleika og möguleika hvers einstaklings svo að allir fái notið sín á eigin forsendum í samfélagi við aðra
- Að efla samkennd og samstarf allra þeirra sem koma að uppeldi barna og unglunga

8. Vinnuhópur um móttökuáætlun

Störf vinnuhóps um móttökuáætlun hefur legið niðri á yfirstandandi skólaári.

9. Útikennsla/útinám

Unnið hefur verið markvist í vetur að undirbúningi að útikennslustofu við Varmahlíðarskóla. Höfum við helgað okkur stað í skóginum vestan við skólann. Búið er að fá leyfi til að nýta skóginn eins og við viljum s.s. kurl og hríslur. Kynning hefur farið fram meðal starfsfólks skólans og spurningalisti lagður fyrir kennara hvernig þeir hygðust nýta sér

útikennslustofuna. Þeir kennarar sem svöruðu voru mjög jákvæðir og töldu sig hafa gagn af henni. Aflað hefur verið gagna um nýtingu og uppbyggingu stofunnar og þeim safnað saman í möppu sem er aðgengileg öllum. Tekin hefur verið ákvörðun um að halda áfram þessari vinnu í haust.

10. Grænfáninn

Grænfánastarfsemi var endurlífguð í vetur. Eftir fundi nefndar í vetur fór af stað flokkun sorps hjá flestum hópum innan skólans. Fyrirlestrar voru haldnir fyrir starfsfólk og nemendur (þó ekki 10. bekk) og í kjölfarið voru kennarar hvattir til að setja upp tvo kassa í sínar stofur, annan fyrir ljósritunarpappír og hinn fyrir allt annað endurvinnanlegt. Aðalflokkunarstöðin hefur verið sett upp í ganginum innan við eldhúsið og í eldhúskjallaranum. Í sumar verður væntanlega gengið frá búnaði til flokkuðunar sorps á vegum Flokku þannig að Varmahlíðarskóli getur auðveldar losað sig við flokkað sorp næsta haust. Í haust mun vetrarstarfið hefjast á því að allt starfsfólk fær kynningu á Grænfána-verkefninu og þá sérstaklega flokkun. Nemendur fá einnig upprifjun um tilgang Grænfánans og flokkun.

11. Lýðheilsuhópur

Lýðheilsuhópur var settur á laggirnar á vormisseri. Markmið með vinnu hópsins var að skoða og kortleggja hreyfingu, mataræði og heilsufar nemenda í Varmahlíðarskóla ásamt því hvaða fræðslu þeir fá um þessa þætti. Vinnuhópurinn gerði könnun á þessum þáttum í skólastarfinu og helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- Hreyfing í 1.- 4. bekk er mjög góð. Hreyfing minnkar eftir því sem nemendur eldast og er einna minnst í elstu bekkjunum. Ráðlögð hreyfing barna er 1 klst. á dag samkvæmt viðmiðum Lýðheilsustöðvar. Yngstu nemendurnir ná þessum viðmiðum en nauðsynlegt er að gera átak til að auka hreyfingu eldri nemenda.
- Heilsufar nemenda var að okkar mati gott og veikindi innan eðlilegra marka. Við skoðuðum mætingu og veikindadaga allra nemenda í nokkra mánuði skv. skráningum í Mentor.
- Skipulögð fræðsla fer nær eingöngu fram í heimilisfræði og er samkvæmt Aðalnámsskrá. Auka þarf fræðslu þar sem við á.

- Mataræði nemenda var skoðað þannig að farið var yfir matseðla mótuneytis. Grænmeti og ávextir eru í boða alla daga. Það má velta því fyrir sér hvort magnið sé nægilegt. Ekki er gott að fylgjast með neyslu hvers og eins. Fiskneyslu mætti auka. Minnka sykurl. Auka ávaxta- og grænmetisneyslu. Auka hlut trefja í brauði, pasta og hrísgrjónum, nota frekar heilkornavörur en hvítar. Minnka óholla fitu, nota sýrðan rjóma frekar en majones í kaldar sósur. Fækka máltíðum þar sem majonesósúsur eru í boði.
- Hugmyndin er að auka hreyfingu eldri nemenda með kennslu í gönguferðum í hádegishléi. Höfum áhuga á að taka þátt í Lífshlaupinu sem er á vegum Íþróttá- og Ólympíusambandsins. Höfum áhuga fyrir að halda áfram í heilsuefingu, stungið var upp á heilsuefingardegi.
- Stefnt skal að því að gera könnun meðal nemenda, rafrænt, á mataræði og hreyfingu.

12. Samstarf heimilis og skóla

Á vordögum var skipuð nefnd sem sér um samstarf heimilis og skóla. Tilgangur með skipan hennar var að kanna hvernig samskiptum þessara aðila er háttað, hvort breytinga sé þörf og hvernig skuli þá að þeim staðið.

Helstu leiðir til samskipta: heimasíða, foreldrakönnun, fréttabréf, skólaslit, árshátíð eldri nemenda, árshátíð yngri nemenda, sérstakar sýningar bekkja, bekkjakvöld, foreldraviðtöl, vorverkefni, foreldrafélag og bekkjarráð.

Tillögur nefndarinnar eru:

1. Við leggjum til að vikuáætlanir séu gerðar í Mentor fyrir 1. – 6. bekk. Þau heimili sem eru nettengd fá ekki útprentaðar vikuáætlanir. Þetta er þáttur í því að vera umhverfisvænn og grænn skóli. Með þessu móti skoða nemendur og foreldrar frekar Mentor og heimasíðu skólans. Þá fyrst má nýta miðilinn sem skyldi og setja inn alls konar upplýsingar er varða skólagöngu og nám nemenda. Nemendur í 7. – 10. bekk skrifa áfram í skólalagbók.
2. Opinn dagur/námsefniskynning um miðjan september, eftir hádegið. Foreldrar koma á vissum tíma. Athuga tilbúið skipulag frá vinateymi Árskóla. Á þessum opna degi mætti einnig þiggja skólafærninámskeið frá Selmu Barðdal fyrir foreldra barna í 1., 5. og 8. bekk.

3. Vorsýning á verkum allra nemenda á árshátíð yngri nemenda. Foreldrar og aðstandendur fá tækifæri til að sjá verkefni barna sinna, ýmist ókláruð eða fullbúin.
4. Setja tengil á heimsíðu skólans sem býður foreldrum þann möguleika að tjá og miðla hugmyndum sínum um foreldrasamstarf í Varmahlíðarskóla. Nafn og heimilisfang verður að koma fram.

13. Námsmatsnefnd

Nefndin hittist einu sinni nú í vor og ræddi fyrirkomulag námsmats og einkunnir. Nefndin lagði til að breyta önnum í tvær í stað þriggja. Á kennarafundi 1. júní var í framhaldi af þessari tillögu ákveðið að færa fyrsta námsmat fram þannig að annirnar séu sem jafnastar. Þar var ákveðið að hafa áfram þrjár annir og jafna álaginu. Önnur tillaga nefndarinnar var að samræma fyrir hvað vinnueinkunn og prófseinkunn standa. Ákveðið var á kennarafundi að vinna að þessu og kennarar setji fram í kennsluáætlunum vægi einstakra prófa og verkefna í prófseinkunn. Einnig var talað um að skoða fyrirkomulag leiðsagnarmats. Næsta vetur þarf að kynna það betur. Nefndin kom einnig með tillögur um að punkta-kerfið og notkun á því verði skerpt.

14. Tölvunefnd

Í vetur byrjaði tölvunefnd á uppsetningu nýrrar heimasíðu. Jóhann Friðriksson, tölvu-umsjónarmaður, hannaði fyrir skólann nýtt viðmót í Joomla sem Unnur og Íris Olga settu upp. Þetta nýja viðmót á að vera aðgengilegra og notendavænna, sem og líkara þeim viðmótum sem tíðkast í öðrum skólum. Stefnt var á að síðan yrði tilbúin uppúr áramótum 2009-2010 en í ljós hefur komið að það mun taka lengri tíma. Nú er á áætlun að skipta yfir í nýju síðuna fyrir jól 2010.

15. Menningararfurinn og heimabyggðin, þróunarverkefni

Verkefni unnið í 8.bekk.

Ásdís Sigurjónsdóttir kennari fékk styrk frá Menningarráði Norðurlands vestra og Sáttmála til sóknar í Skagafirði til að vinna að þróunarverkefni um *Menningararfinn og heimabyggðina*. Í vetur hafa nemendur í 8. bekk haldið áfram að lesa inn skagfirskar þjóðsögur og hefur upplesturinn verið tekinn upp í hljóðveri Tónlistarskólans. Einnig hefur Íris Olga Lúðvíksdóttir, sem verið hefur umsjónarkennari 8. bekkjar í vetur og stutt Ásdísi dyggilega við upptöku á stuttmyndinni af Silfrúnarstaða-Skeljungi, lokið við að klippa myndina. Var myndin frumsýnd í Varmahlíðarskóla í maí, í vor. Verður myndin sett á heimasíðu skólans í haust. Í vor byrjaði 8. bekkur á undirbúningi annarrar stuttmyndar. Unnu þau handrit upp úr sögunni af Miklabæjar-Sólveigu. Voru tveir dagar af vorverkefnistímanum notaðir til að taka upp hluta myndarinnar. Upptökur fóru fram á Miklabæ og í Byggðasafninu í Glaumbæ. Lokið verður við upptökur þegar skólinn hefst aftur í haust.

16. Foreldrafélag

Foreldrafélag var stofnað við Varmahlíðarskóla í september 2009. Í stjórn félagsins eru þær Harpa Hrund Hafsteinsdóttir, Efemía Fanney Valgeirsdóttir og Sólrún Ingvadóttir. Varamenn í stjórn eru Guðrún Kristín Eiríksdóttir og Ingibjörg Klara Helgadóttir. Félagið stofnaði bekkjarráð fyrir 1.-6. bekk og 7.-10. bekk. Bekkjarráðin hafa séð um félagsstörf nemenda í vetur.

Endurmenntun

Fræðsludagur

Sameiginlegur fræðsludagur var haldinn í Árskóla 21. ágúst fyrir allt starfsfólk Árskóla og Varmahlíðarskóla. Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna tók ekki þátt í fræðsludeginum að þessu sinni þar sem skólinn var settur sama dag. Lagt var upp með að ýta úr vör þróunarverkefninu *Fagmennska kennara*. Rúnar Sigþórsson prófessor við kennara-deild Háskólans á Akureyri flutti fyrirlestur fyrir kennara um *ígrundun og starfsþróun*. Hann varpaði ljósi á hvað felst í þessum þáttum og hvernig þeir tengjast hugmynda-

fræðinni *Skóli sem lærir*. Kennarar unnu svo að verkefnavinnu undir stjórn Rúnars í kjölfarið.

Skólaliðar og stuðningsfulltrúar sóttu námskeið hjá Selmu Barðdal, uppeldis- og sálfræðiráðgjafa hjá Fræðsluskrifstofu Skagafjarðar. Þar var m.a. rætt um samskipti barna, samskipti á vinnustað og fl.

Starfsfólk í mötuneyti tók þátt í námskeiði í skólaeldhúsi Árskóla þar sem Eiður Baldursson matreiðslumeistari var með fiskrétta- og brauðgerðarnámskeið.

Socoan tengslaforrit

Kennarar fengu námskeið í notkun Socoan tengslaforrits sem keypt var í skólann. Forrit þetta auðveldar úrvinnslu og utanumhald þegar kannanir eru gerðar á félagstengslum nemenda. Forritið greinir og geymir allar upplýsingar á rafrænu formi.

Kynnisferðir

Í júní 2010 fór starfsfólks Varmahlíðarskóla, ásamt starfsfólki úr Árskóla, Grunnskólanum austan Vatna, Tónlistarskóla Skagafjarðar og Fræðsluskrifstofu Skagafjarðar í kynnisferð til Póllands. Þar fengum við kynningu á pólsku menntakerfi frá leikskóla til háskóla. Öll skólastig voru heimsótt og starfsfólki gafst kostur á að skoða mismunandi skóla, fá að sitja í kennslustundum og eiga samræður við pólska kollega. Ferðin var afar ánægjuleg og gagnleg í alla staði.

Sjálfsmat

Almennt um Gæðagreina

Skólinn byggir sjálfsmat sitt á Gæðagreinunum. Sjálfsmatlíkan þetta er skoskt að uppruna og byggir á áralangri þróun. Skólaskrifstofa Skagfirðinga gekkst fyrir þýðingu á efninu árið 1999 og hefur það í framhaldi af því verið notað í grunnskólunum í Skagafirði og víðar um land. Þriðja útgáfa gæðagreinanna, *How good is our school 3*, hefur nú verið þýdd yfir á íslensku. Þóra Björk Jónsdóttir sérkennslu- og kennsluráðgjafi hjá Fræðslu-

skrifstofu Skagafjarðar og Helga Harðardóttir kennsluráðgjafi í grunnskólum í Skagafirði hafa unnið að þeirri þýðingu. *Sáttmálasjóðurinn*, styrktarsjóður Kaupfélags Skagafirðinga (og Sveitarfélagsins Skagafjarðar) styrktu það verkefni. Nýju Gæðagreinar, *Gæðagreinar 2*, verða vistaðir á vef Fræðluskrifstofu Skagafjarðar. Í nýju útgáfunni hefur nýjum gæðagreinum verið bætt við, þeir einfaldaðir og fleiri lykilsurningar settar fram. Nýjum lykilkáttum hefur verið bætt við og eru þeir nú 9 talsins í stað 7 áður. Einkunnaskalanum hefur verið breytt og byggir hann nú á einkunnagjöf í sex þrepum. Einkunnir eru nú gefnar á bilinu 1-6 í stað 1-4 áður. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreinum, þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði. Ráðgert er að nýjungar í Gæðagreinunum verði innleiddar á næstu misserum í skólanum. Nýtt þriggja ára matsferli hefjist á næsta skólaári þar sem lykilkáttum verður skipt niður á þrjú skólaár.

Nálgast má ensku útgáfuna af *How good is our school 3* á eftirfarandi slóð:

<http://www.hmie.gov.uk/documents/publication/hgiosjte3.pdf>

Nálgast má íslensku þýðinguna, *Gæðagreinar 2*, á eftirfarandi slóð:

<http://www.skagafjordur.is/upload/files/G%C3%A6%C3%B0agreinar2.pdf>

Hér á eftir er greint frá uppbyggingu Gæðagreina, þýðingu frá 1999 og einnig uppbyggingu á Gæðagreinum 2.

Gæðagreinabýðing 1999

Í gömlu Gæðagreinaútgáfunni byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í sjö lykilkátti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

Lykilkáttirnir eru:

1. Námskrá
2. Árangur
3. Nám og kennsla
4. Stuðningur við nemendur
5. Starfsandi
6. Nýting mannafla, fjármagns og aðstöðu
7. Stjórnun, forysta og trygging gæða.

Fyrir þessa lykilþætti alla skal gefa einkunn, ýmist eina heildareinkunn eða greint niður í einstök þemu. Einkunnin skal vera á bilinu 1 – 4, samkvæmt eftirfarandi skala:

4	<i>Mjög gott</i>	- Afar sterkur þáttur
3	<i>Gott</i>	- Sterk atriði veigameiri en slök
2	<i>Sæmilegt</i>	- Mikilvæg atriði slök
1	<i>Ófullnægjandi</i>	- Afar slakur þáttur

Vinnubrögð í gæðagreinavinnu eru skilgreind í fjórum skrefum.

1. **Skilgreining lykilþátta**, undirþátta eða þema eftir því sem við á.
2. **Skilgreining viðmiða**, hvað þarf til að standa undir einkunninni 4 og viðhalda henni. Einnig eru viðmið skilgreind fyrir einkunnirnar 1, 2 og 3.
3. **Greining sterkra og veikra þátta**, umsögn og einkunnagjöf.
4. **Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnumótun eftir því sem við á.

Gæðagreinar 2, útgáfa 2010

Í Gæðagreinum 2 byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í níu lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Heildarárangur
2. Áhrif á nemendur
3. Áhrif á starfsfólk
4. Áhrif á samfélagið
5. Menntun
6. Stefnumótun og áætlanagerð
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk
8. Samvinna og búnaður
9. Forysta

Fyrir þessa lykilþætti alla skal gefa einkunn, ýmist eina heildareinkunn eða greint niður í einstök þemu. Einkunnin skal vera á bilinu 1 – 6, samkvæmt eftirfarandi skala:

Einkunnaskali

6	<i>Framúrskarandi</i>	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	<i>Mjög gott</i>	Afar sterkur þáttur
4	<i>Gott</i>	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	<i>Nægilegt</i>	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	<i>Slakt</i>	Mikilvæg atriði slök
1	<i>Ófullnægjandi</i>	Afar slakur þáttur

Matið *framúrskarandi* er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísu. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið *framúrskarandi* er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið *mjög gott* á við þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið *mjög gott* merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið *gott* á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið *gott* gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið *nægilegt* á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið *nægilegt* gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki

Það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif, þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið *slakt* gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almenn má búast við því að matið *slakt* komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megi einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið *ófullnægjandi* gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamikilum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins *ófullnægjandi*, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.

Úttekt á sjálfsmatsaðferðum Varmahlíðarskóla og framkvæmd þeirra

Menntamálaráðuneytið gerði úttekt á sjálfsmatsaðferðum fjölda grunnskóla í október 2009. Varmahlíðarskóli var einn af þeim skólum sem voru í úrtaki menntamálaráðuneytisins. Þann 8. október 2009 komu úttektaraðilar frá Háskólanum á Akureyri, á vegum Menntamálaráðuneytisins, í Varmahlíðarskóla og áttu fundi með stjórnendum og kennsluráðgjafa annars vegar og rýnihópi um sjálfsmat hins vegar. Í rýnihópnum áttu sæti fulltrúar kennara, annars starfsfólks, sjálfsmatsteymis, nemenda og foreldra. Áður hafði úttektaraðilum verið send ýmis gögn um sjálfsmatsaðferðir skólans og starfsemi hans. Niðurstöður úttektarinnar bárust í Varmahlíðarskóla í bréfi dagsettu 21. október 2009 og voru stjórnendur skólans beðnir um að bregðast við skriflega ef einhverjar athugasemdir væru um niðurstöðurnar. Athugasemdir starfsfólks skólans voru sendar til úttektaraðila í bréfi dagsettu 28. október (sjá viðauka II.). Heildarniðurstöður úttektar bárust skólanum frá menntamálaráðuneyti í bréfi dagsettu 22. janúar 2010.

Heildarniðurstöður úttektaraðila voru eftirfarandi:

Samkvæmt viðmiðum menntamálaráðuneytis teljast sjálfsmatsaðferðir skólans fullnægjandi. Framkvæmd sjálfsmatsins telst fullnægjandi að hluta.

Sveitarstjóra var gert að senda áætlun um umbætur vegna niðurstöðu matsins á sjálfsmatsaðferðum Varmahlíðarskóla. Fræðslustjóri fór þess á leit við stjórnendur skólans og kennsluráðgjafa að svara því erindi. Fræðslustjóra var því sent bréf dagsett 10. mars 2010 frá starfsfólki Varmahlíðarskóla til að bregðast við óskum menntamálaráðuneytisins (sjá viðauka III). Í bréfinu kemur m.a. fram að í ljósi niðurstöðu úttektar um sjálfsmatsaðferðir í Varmahlíðarskóla hyggist skólinn gera eftirfarandi úrbætur:

- Sjálfmatsskýrsla verður endurskoðuð og endurbætt. Framsetningu skýrslunnar breytt í samræmi við athugasemdir s.s. um samantekt á niðurstöðum matsþátta hvers skólaárs, gerð verður betri grein fyrir skoðunarþáttum á hverjum tíma og reynt verður að setja sjálfmatsskýrsluna fram á aðgengilegri hátt fyrir lesendur.
- Sjálfsmatsáætlun til þriggja ára verður sett fram á ýtarlegri hátt í sjálfmatsskýrslu.
- Greinargerð um umbætur og hvernig mat á þeim fer fram verður sett fram á skýrari hátt. Þær upplýsingar liggja þó ávallt fyrir í skimun sem lögð er fyrir kennara að vori en reynt verður að koma til móts við óskir úttektaraðila með samantekt á niðurstöðum þeirrar skimunar í stuttu máli í sjálfmatsskýrslu.
- Vinna er þegar hafin við að tengja betur markmið skólanámskrár við sjálfsmatsaðferðir skólans. Höfum við nú hrundið af stað sérstöku þróunarverkefni í skólanum sem felst í því að endurbæta skólanámskrá skólans. Sérfræðingur á Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri tekur þátt í því verkefni með ráðgjöf.

Niðurstöður úttektar menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skóla 2007-2009 má sjá á eftirfarandi slóð:

http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/heildarnidurst_sjalfsmatsadf_grunnsk_2007_2009.pdf

Þar má m.a. sjá að í 37 grunnskólum af 171 sem voru til skoðunar á árunum 2007-2009 eða 21% þeirra, eru bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats að öllu leyti uppfyllt. Í 49 skólum, þ.e. um 29% skólanna, þ.á.m. Varmahlíðarskóla, var niðurstaðan fullnægjandi að hluta, þ.e.a.s. að aðeins var uppfyllt að hluta annað hvort viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir eða framkvæmd sjálfsmats en sumir uppfylltu bæði viðmið um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd að hluta. Í 85 skólum, eða

um 50% þeirra, voru hvorki uppfyllt viðmið um sjálfsmatsaðferðir eða framkvæmd um sjálfsmat.

Sjálfsmatið í vetur

Á yfirstandandi skólaári var á áætlun um sjálfsmat í Varmahlíðarskóla að aðlögun að nýrri útgáfu af gæðagreinunum yrði hafin. Þýðingarvinna á *How good is our school 3* hófst á vordögum 2009 og á vorönn voru nokkrir gæðagreinar fullbúnir þannig að formlegt mat gat hafist. Ákveðið var að velja tvo gæðagreina til að meta. Áhersla var lögð á að allt starfsfólk skólans kæmi að matinu og því urðu fyrir valinu eftirfarandi nýir gæðagreinar:

- *gg 3.1 þátttaka starfsfólks í starfi skólans*
- *gg.5.9 sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs*

Áður en matsferlið hófst kynnti kennsluráðgjafi stuttlega nýju þýðinguna, Gæðagreinar 2, og fór yfir nýjan einkunnaskala með starfsfólki. Starfsfólk skólans vann í fyrsta sinn allt að sjálfsmati á síðastliðnu skólaári. Þá var matskerfið kynnt sérstaklega og farið yfir hugmyndafræðina sem liggur að baki gæðagreinunum. Starfsfólk var því vel í stakk búíð til að hefjast handa í sjálfsmatsvinnunni þar sem vinnubrögðin eru að festast í sessi. Nokkurn tíma mun þó væntanlega taka að fullslípa notkun á nýjum einkunnaskala ásamt því að nú verða gæðagreinar sem liggja fyrir til mats glænýir og vera má að starfsfólki þyki þörf á breytingum á einhverjum þeirra til að aðlaga þá skólastarfi í Varmahlíðarskóla.

Mat á gæðagreini 3,1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans

Mat á gæðagreini 3.1 fór fram á vorönn. Allt starfsfólk kom að matinu og því var skipt í 6 hópa þar sem 4-5 starfsmenn tóku þátt í matinu.

Hafa ber í huga að þegar mat á gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. **Hvernig stöndum við okkur?**
2. **Hvernig vitum við það?**
3. **Hvað gerum við næst?**

Yfirlit gæðagreinis 3,1:

Þessi gæðagreinir varðar faglega þátttöku og skuldbindingu starfsfólks. Hann beinir einnig sjónum að sýn starfsfólksins á hlutverk sitt við að tryggja gæði námsreynslu nemenda.

Undirþáttur/þema gæðagreinis:

- Skuldbinding starfsfólks og virk þátttaka þess í starfi skólans

Í gæðagreinaráttunum eru ávallt gefin viðmið um einkunnirnar 5 (mjög gott – afar sterkur þáttur) og 2 (slakt – afar slakur þáttur). Einnig eru viðmið um aðrar einkunnir gefin sjá hér ofar í kaflanum *Almennt um sjálfsmat*.

Viðmið fyrir einkunnina 5 í gæðagreini 3.1:

- Við höfum skýra sameiginlega sýn og skilning á því hvernig við veitum góða menntun. Við erum áhugasöm og leggjum metnað í að efla gæði skólastarfsins. Við tökum fúslega þátt í símenntun sem bætir árangur og stuðlar að framförum nemenda. Framlag okkar til skólastarfsins er áhrifaríkt og við vinnum vel saman í teyrum/hópum í skólanum og með samstarfsaðilum. Við gerum okkur ljóst hverjar skyldur okkar eru til að efla persónulegan og félagslegan þroska og heilbrigði allra barna og ungmenna.
- Okkur finnst að í skólanum séum við metin að verðleikum, leitað eftir skoðunum okkar og við studd eftir þörfum. Okkur finnst sjónarmið okkar og hæfileikar, bæði einstaklinga og hópa, hafa áhrif á hvernig gæði starfsins og árangur nemenda eru eflað í skólanum. Við höfum jákvæða afstöðu til vinnuskilyrða og húsnæðis. Við höfum jákvæða afstöðu til starfsmanna-samtala/starfsmannaviðtala og tækifæra til endurmenntunar. Okkur finnst við njóta stuðnings í starfi til að veita sem besta menntun.

Viðmið fyrir einkunnina 2 í gæðagreini 3.1:

- Við höfum ekki sameiginlega sýn á hvernig við getum veitt góða menntun í skólanum okkar. Verulegur hluti starfsmanna sýnir ekki samstöðu í skólastarfinu. Þrátt fyrir að margir starfsmenn sækist eftir þátttöku í umbótastarfi þá eru nokkrir sem leggja sig ekki fram um að taka virkan þátt í skólastarfinu og að standa sig vel í starfi. Í teyma- og hópavinnu koma fram veikleikar í samstarfi, sumum starfsmönnum finnst að

ábyrgð á námsframvindu og námsárangri nemenda sé ekki á ábyrgð þeirra sjálfra heldur varpa henni yfir á einstaka kennara eða á einstakar deildir í skólanum.

- Verulegum hluta af starfsfólkinu finnst að það sé ekki metið að verðleikum. Okkur finnst að þær stjórnunarákvarðanir sem teknar eru í skólanum okkar gætu verið meira krefjandi og til þess fallnar að styðja okkur í starfi. Okkur finnst of fá tækifæri gefast til teymis- og hópavinnu. Við myndum fagna aukinni umræðu um skólastarfið þar sem við gætum tekið þátt í að finna leiðir til að auka námsárangur, ígrunda starf okkar, ræða um vinnuskilyrði og starfsþróun okkar.

Matsniðurstöður:

Gæðagreinir 3.1. *Þátttaka starfsfólks í starfi skólans* - samantekt hjá 6 hópum

Heildareinkunnargjöf: 4, 4, 4, 3-4, 4, 4

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Við erum áhugasöm, metnaðarfull, tökum þátt í símenntun og hópastarfi og gerum okkur ljóst hverjar skyldur okkar og kröfur eru í starfi.
- Það er vilji og von allra starfsmanna að nemendur hljóti góða menntun. Við leggjum metnað okkar í að efla gæði skólastarfsins með því t.d. að taka þátt í endurmenntun eftir því sem hægt er. Einnig erum við dugleg að vinna saman í að bæta skólastarfið.
- Aðgangur að sérfræðingum er góður s.s. hjúkrunarfræðingi, sálfræðingi og talmeinafræðingi.
- Vinnuaðstaðan er mjög góð í heildina, gott pláss.
- Tækifæri til endurmenntunar eru góð.
- Við njótum mikils stuðnings í starfi til að veita sem besta menntun Okkur finnst vinnuframlag okkar skila sér til nemenda og vera árangursríkt. Samvinna starfsfólks til uppeldis og menntunar nemenda er góð.
- Við teljum að við séum áhugasamur og samheldinn hópur starfsmanna sem hefur að leiðarljósi að efla hag og menntun nemenda. Okkur finnst að góður árangur

nemenda skólans í ýmsum greinum og keppnum sé góð vísbending um að við almennt sinnum okkar nemendum vel.

Veiku hliðarnar okkar:

- Það vantar upp á okkar sameiginlegu sýn fyrir skólann. Erum þó byrjuð að vinna hana. Einnig vantar upp á stuðning og hrós í starfi.
- Okkur finnst ennfremur vanta upp á eftirfylgni af starfsmannaviðtölum. Starfsmannaviðtöl eru fátíð og óformleg. Huga þarf betur að starfsmannaviðtölum til að hægt sé að hlúa betur að hverjum og einum starfsmanni
- Það vantar góða og skýra skólanámskrá til að móta stefnu skólans betur, en vinna við skólanámskrá er hafin. Upplýsingaflæði á milli starfsmanna gæti verið betra.
- Einungis einn bekkur er í árgangi og því er minni samvinna meðal kennara.
- Þurfum betri vinnuskilyrði t.d. vantar myndmenntastofu og náttúrufræðistofu. Okkur þykir að skipulag skólahúsnæðisins/nýting mætti betur fara.
- Þurfum betri tækifæri til endurmenntunar.
- Starfsfólk skólans er ekki sérstaklega jákvætt þegar kemur að símenntun.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að allir starfsmenn skólans séu samstíga og deili sameiginlegri skýrri sýn á skólastarfið. Einnig að starfsfólk sé meðvitað um hvert þeirra hlutverk er innan heildarinnar. Starfsmenn hafi jafnan og greiðan aðgang að þeirri endurmenntun sem þörf er á hverju sinni. Stuðla að breyttu viðhorfi starfsfólks til endurmenntunar.
- Hlúð sé vel að starfsanda meðal starfsmanna.
- Skýr stefna um menntun nemenda.
- Starfsfólk sé jákvætt og sjái vandamál sem áskoranir til að leysa.
- Að allir starfsmenn leggi sig fram um að efla gæði skólastarfsins.
- Starfsmannaviðtöl séu oft og reglulega.
- Endurskipuleggja skólahúsnæðið með hliðsjón af aðstöðuleysi myndmenntar-kennara og verklegrar náttúrufræðikennslu.
- Allt starfsfólk skólans vinni saman að því að þroska nemendur í námi og leik, virði hvort annað.

Próunaráætlun Varmahlíðarskóla gg 3.1

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Að skapa vettvang fyrir umræður og hvatningu starfsmanna, t.d. með fundum einu sinni í mánuði fyrir starfsmenn sem koma að yngsta stigi, miðstigi eða elsta stigi	Skólastjórnendur	Vor 2011	Tíma og skipulagningu	Með því að leggja sömu gæðagreina fyrir aftur
Að koma á reglulegum starfsmannaviðtölum, þau verði formleg og kerfisbundin tvisvar sinnum á skólaárinu.	Skólastjórnendur	Að vori hvers árs	Skipuleg einstaklingsviðtöl	Með gg. 7.3
Ljúka við gerð skólanámskrár	Allt starfsfólk	Vor 2011	Skipulagða hópvinnu, vilja, dugnað, tíma	Með aðstoð, t.d. frá HA. Einnig með sjálfsmati, gg.5.1
Auka upplýsingaflæði á milli starfsmanna. T.d. hafa „örfund“ kennara í upphafi vinnuviku kl. 8:10 um viðburði vikunnar og þ.h. Einnig að nota tölvupóstinn markvissar.	Allt starfsfólk		Að allir séu meðvitaðir um að láta upplýsingar berast	Í gegn um árlega skimun að vori
Íhuga nýtingu alls rýmis á neðstu hæð skólans og endurskipuleggja. Nýta betur pláss í smíðastofu, kompuna Guðmundar og ganginn. Þetta gæti nýst verklegrri náttúrukennslu og myndmenntarkennslu.	Íris Olga, Guðmundur, Sigurður, skólaliðar, Orri	Haust 2011	Að allir séu meðvitaðir um að láta upplýsingar berast	Sýnilegur árangur
Að starfsfólk átti sig á gildi endurmenntunar fyrir starf þess og mikilvægi þess að við erum fyrirmyndir nemenda okkar í viðhorfi til menntunar	Helga kennsluráðgjafi	Framtíðarverkefni, helst haust 2011	Viðhorfsbreyting, hvatning og slatta af metnaði	Starfsfólk sinnir endurmenntun og mati á skólastarfi og öðrum þáttum fúslega. Starfsmannakönnun.

Mat á gæðagreiini 5.9 Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs

Mat á gæðagreiini 5.9 fór fram á vorönn. Allt starfsfólk kom að matinu og því var skipt í 5 hópa þar sem 4-5 starfsmenn tóku þátt í matinu.

Hafa ber í huga að þegar mat á gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. Hvernig stöndum við okkur?
2. Hvernig vitum við það?
3. Hvað gerum við næst?

Yfirlit gæðagreinis:

Þessi gæðagreinir varðar það hvernig skólinn vinnur að þróun starfsins með sjálfsmati. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að leita eftir og bregðast við sjónarmiðum allra hagsmunaaðila sem tengjast skólasamfélaginu. Hann beinir sjónum að því að hvaða marki starfsfólk skóla þekkir styrkleika og veikleika skólastarfsins. Einnig hvernig skólinn bætir árangur og eykur velgengni nemenda og skólasamfélagins í víðara samhengi.

Undirþættir/þemu gæðagreinisins eru þrír:

- Hollusta við sjálfsmat
- Stjórnun sjálfsmats
- Umbætur í skólastarfi

Í gæðagreinarammann eru ávallt gefin viðmið um einkunnirnar 5 (mjög gott – afar sterkur þáttur) og 2 (slakt – afar slakur þáttur). Einnig eru viðmið um aðrar einkunnir gefin, sjá í kaflanum *Almennt um sjálfsmat*

Viðmið fyrir einkunnina 5 í gæðagreiini 5.9:

- Við metum og ígrundum kennsluhætti okkar bæði ein og með samstarfsfólki og breytum til batnaðar. Við metum starfshætti skólans með samstarfsaðilum með stöðugar umbætur að leiðarljósi og leggjum í breytingar þar sem þeirra er þörf. Við notum árangursríkar leiðir til að leita eftir skoðunum starfsfólks, foreldra, nemenda, samstarfsaðila og annarra um gæði skólastarfs. Við höfum skipulega samvinnu við þá aðila sem þjónusta börn til að

tryggja þróun starfsins. Sýn okkar, gildismat og markmið eru lögð til grundvallar við mat á skólastarfinu.

- Sjálfsmat okkar beinist að lykilatriðum í námi og námsárangri nemenda. Það er byggt á margvíslegum leiðbeiningum (um gæðastarf í skólum) og gögnum og er nákvæmt, kerfisbundið og gagnsætt. Allir ígrunda núverandi starfshætti og meta nýjungar og breytingar sem gerðar hafa verið. Þar sem við á eru viðeigandi gæðastaðlar nýttir við umbætur. Við greinum styrkleika okkar og sóknarfæri í skólastarfinu. Við deilum með öðrum því sem til fyrirmyndar er í starfi okkar.
- Skólasamfélagið vinnur saman að framförum í öllu starfi. Við tökum virkan þátt í að bregðast við niðurstöðum sjálfsmats skólans og getum á óyggjandi hátt sýnt fram á umbætur sem sjálfsmat skólans hefur leitt til. Við beinum sjónum okkar sérstaklega að áframhaldandi framförum í námi og kennslu og námsárangri allra nemenda.

Viðmið fyrir einkunnina 2 í gæðagreini 5.9:

- Það er misjafnt eftir einstaka kennurum hversu árangursríkt mat okkar er á kennslu- háttum. Við lítum svo á að sjálfsmat sé aðallega á ábyrgð stjórnenda og stuðlum ekki nógu vel að þátttöku allra starfsmanna, nemenda, foreldra og samstarfsaðila í matinu. Sjálfsmatsaðferðir okkar þarfnast meiri faglegrar ábyrgðar og samstarfs sem beinist að því að bæta gæði vinnu okkar.
- Matshópur metur skólastarfið og hópa-/teymisvinnu en notaðar eru takmarkaðar aðferðir sem beina sjónum hvorki nægilega að árangri og velgengni nemenda né markvisst að áhrifum sjálfsmats. Við erum stundum óákveðin eða myndum okkur skoðanir á styrkleikum okkar og umbótaþörf á veikum grunni. Við getum ekki sýnt fram á hvaða áhrif umbætur/aðgerðir hafa á nemendur.
- Sjálfsmatið hefur lítil áhrif á aukin gæði í námi og kennslu og árangri allra nemenda. Vísbindingar/sönnunargögn okkar um þessa þætti innihalda oft ekki lykilupplýsingar og eru ekki notaðar sem skyldi til að meta framfarir og setja fram áætlanir um umbætur. Við metum framfarir ekki skipulega með hliðsjón af markmiðum sem sett hafa verið fram í þróunaráætlunum. Við notum niðurstöður sjálfsmats til að greina frá stöðu og gæðum skólastarfs en þær eru byggðar á ótraustum grunni.

Matsniðurstöður:

Gæðagreinir 5.9. Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs - samantekt hjá 5 hópum

Heildareinkunnargjöf: 4, 4, 3, 5, 4

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Skólasamfélagið vinnur saman að framförum í öllu starfi
- Við erum í mikilli þróunarvinnu, sjálfsmatið okkar er skipulagt og tekur á öllum þáttum skólastarfsins. Við höfum alltaf hag nemenda okkar að leiðarljósi og höfum metnað fyrir skólastarfinu í heild sinni. Við höfum góðan aðgang að sérfræðingum og teljum okkur vinna vel saman sem heild.

Allt starfsfólk er duglegt að ígrunda, vega og meta breytingar. Gæðagreinakerfið sjálft er gott. Erum alltaf meira og meira að láta alla starfsmenn taka þátt í mati þar sem það á við. Við teljum að leiðarstef okkar í vinnunni séu auknar framfarir nemenda í námi.

- Reglulegir samráðsfundir alls starfsfólks skólans. Það er góð samvinna milli starfsfólks skólans og sérfræðiaðila.
- Sjálfsmat skólans er í stöðugri vinnslu og þar með allt skólastarf tekið til endurskoðunar á kerfisbundinn hátt.

Veiku hliðarnar okkar:

- Bregðumst ekki nægjanlega við niðurstöðum sjálfsmats skólans. Viðbrögð við niðurstöðum sjálfsmats hafa ekki verið markviss, sýnileiki niðurstaðna hefur verið af skornum skammti. Sjaldnast unnið markvisst eftir þróunaráætlunum sem starfsfólk er oft á tíðum búið að leggja mikla vinnu í. Það vantar dálítið á hjá okkur að framfylgja þróunaráætlunum, þannig að breytingar verði til batnaðar.

Gæðagreinir virkar vel sem matstæki en eftirfylgnin ekki í samræmi við niðurstöðu matsins.

- Skortir markvisst mat á kennsluháttum og eftirfylgni. Mat á kennslu einstakra kennara ekki til staðar. Sameiginleg sýn skólans og markmiðasetning ekki til staðar, er í vinnslu. Utanaðkomandi samstarfsaðilar þyrftu að taka þátt í sjálfsmati skólans. Eigum eftir að vinna betur skólanámsskrá og sýn og tengja við framfarir.
- Þriggja annapróf eru tímafrek og leggja ætti meiri áherslu á símat hjá nemendum.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Nám og námsárangur nemenda. Að allt skólasamfélagið vinni saman að framförum í öllu starfi nemendum til góða.
- Okkur þykir að mikilvægasti þáttur sjálfsmats sé sá að það sé gagnsætt og niðurstöður nýttar til umbóta og þróunar. Einnig erum við sammála um að mikilvægast sé að hafa hag nemandans að leiðarljósi í öllu starfi.
- Mikilvægasti þátturinn er að við höfum gott sjálfsmat. Þurfum að nýta það betur til áframhaldandi þróunar.
- Kennsluhættir mættu skoðast á skilvirkari hátt, hvað virkar vel í skólastarfinu og hvað ekki. Mætti vera meira um að starfsfólk deili því sem því finnst vera vel unnið í skólastarfinu og mætti vera duglegra við að hrósa hvert öðru fyrir það sem vel er gert. Ekki til skipulagt plagg um framvindu námsgreina í hverjum bekk fyrir sig (er stígandi í námi barnanna í hverri námsgrein), þ.e. hvað skal leggja áherslu á hverju ári fyrir sig.

Þróunaráætlun Varmahlíðarskóla gg 5.9

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Rýna betur í niðurstöður sjálfsmats, skoða veiku hliðarnar og bregðast við þeim.	Matsnefnd	Innan hálfis árs	Samstarf þeirra sem málið varða	Með sjálfsmati
Að gera starfs- og kennsluhætti skólans gagnsærri og fylgja þeim gæðastöðlum sem til eru í hvívetna. Koma á starfshópum til samráðs.	Skólastjórnendur. Náms- og kennsluráðgjafi	Á fyrstu starfsvikum skólaársins.	Tíma og skipulag.	Með gæðagreinum.
Markmið: Að starfað verði eftir niðurstöðum matstækja og þróunaráætlanir nýttar. Leiðir: Breyta þarf viðhorfi skólastjórnenda til þróunaráætlana og gera þeim grein fyrir gildi þeirra og gagnsemi.	Yfirumsjón: Skólastjórnendur. Fræðslustjóri Sveitafélagsins.	Best væri ef mark væri tekið á þróunaráætlunum strax í vor.	Vilja	Með nýju sjálfsmati
Markmið: Árlegt jafningjamat innan stofnunarinnar Leiðir: Nefndin skipuleggur þetta árlega mat, allt starfsfólk metið af	Þriggja manna jafningjamatsnefnd. Nefndin sér um eftirfylgni og	Janúar 2011	Athuga	Nefndin skilar samantekt í vorskýrslu

jafningjum. Nefndin stjórnar framkvæmd matsins og ákvarðar nánar hvað skal meta nákvæmlega	framkvæmd, fer yfir árlega hverjir hafa verið metnir. Þátttaka alls starfsfólks.			
Markmið: Utanaðkomandi aðilar verði þátttakendur í sjálfsmati skóla. Leiðir: Það þarf að gera þá kröfu til utanaðkomandi fagaðila að þeir taki þátt í sjálfsmati, að sjálfsmatið sé hluti af starfi þeirra við skólann.	Skólastjórnendur, kennsluráðgjafi	Haust 2010	Fjármagn, vilja og áhuga.	Með sjálfsmati.
Að framfylgja betur þróunaráætlunum. Lesa þróunaráætlanir	Allir starfsmenn	Á hverju hausti	Eftirfylgni.	
Auka samvinnu um kennsluhætti	Kennarar og stuðningsfulltrúar	Sífelld	Eftirfylgni og samvinnu.	Með umræðu.
Auka mat á starfsháttum	Allir	Sífelld	Eftirfylgni og samvinnu.	Meta starfshætti aftur.
Halda áfram við sýnavinnu	Allir	Sem fyrst	Eftirfylgni og samvinnu.	Sýn skólans tilbúin í skólanámskrá.
Nýta gæðastaðla betur til umbóta	Stjórnendur gera einstaka starfsmenn ábyrga fyrir einstökum þáttum sem dreifast yfir skólaárið. Á líka við um ýmsa viðburði á skólaárinu s.s. árhátíð, páskafeindur og fl.	Haustin til að nýta veturinn sem best.	Samvinnu.	Með nýju mati á gæðagreininum.

Kannanir

Í Varmahlíðarskóla eru kannanir lagðar fyrir reglulega. Árlega er könnun lögð fyrir foreldra nemenda í 2., 4., 7., og 10. bekk á foreldradegi í nóvember. Nemendakannanir fyrir eldri bekk skólans eru lagðar fyrir með nokkru millibili, síðast vorið 2006. Þriðja hvert ár er lögð könnun fyrir starfsmenn skólans, síðast vorið 2008. Olweusarkönnun er lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í nóvember ár hvert. Niðurstöður þessara foreldra- og nemendakannana er að finna á vef skólans, <http://www.varmahlidarskoli.is/> undir hlekknum *skólastarfið*. Árleg skimun kennara á lykilorðum í Gæðagreinunum er lögð

fyrir í lok hvers skólaárs, sjá í sér kafla hér á eftir. Kannanirnar á vegum skólans eru lagðar fyrir á rafrænu formi í könnunarforritinu *Lime survey*. Könnunarforrit þetta er svokallaður *open source* hugbúnaður og hefur tölvuumsjónarmaður Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Jóhann Friðriksson, séð um að þýða það yfir á íslensku. Forritið er afar notendavænt og þægilegt í uppsetningu á könnunum og úrvinnslu þeirra. Slóðin að upplýsingum um forritið er <http://www.limesurvey.org/>.

Árleg skimun kennara

Þegar unnið er eftir Gæðagreinálíkaninu er gert ráð fyrir að í lok hvers skólaárs sé gerð snöggskimun á öllum gæðagreinunum, þar sem hver kennari gefur hverju þema einkunn á bilinu 1-4. Könnunin er nafnlaus og er send kennurum í tölvupósti. Tilgangurinn með henni er að finna út hug kennara til þess hvort einhverjir þættir í skólastarfinu þarfnist endurbóta. Einnig að sjá hvaða þættir það eru í skólastarfinu sem eru sterkir. Þetta mun vera í síðasta sinn sem könnunin verður lögð fyrir í óbreyttri mynd því gera má ráð fyrir að ný könnun líti dagsins ljós í lok næsta skólaárs þar sem unnið verður eftir Gæðagreinum 2.

Niðurstöður úr árlegri skimun kennara

Heildarniðurstöður úr árlegri skimun kennara á gæðagreinunum, sem lögð var fyrir nú í lok maí, má sjá í heild sinni í viðauka 1. Þar eru fullyrðingarnar settar fram í símskeytastíl. Spurningarnar í könnuninni eru mun ítarlegri. Reiknuð er út meðaleinkunn, og hlutfall þeirra sem gefa einkunnina 3 eða 4. Hægt er að skoða til viðmiðunar sama hlutfall úr niðurstöðum frá vori 2008 og 2009.

Hér eru dregnar saman helstu niðurstöður úr skimuninni sem þarfnast úrbóta að mati kennara:

- Skólanámskráin
- Valgreinar
- Gæði áætlana stuðningur/leiðsögn við kennara
- Gæði námsins, eigin ábyrgð nemenda á námi
- Þarfir nemenda, reynsla og áhugasvið nemenda virkjað
- Framlag stuðningsaðila v/ þarfa nemenda
- Notkun matsupplýsinga

- Viðburðir utan námskrár
- Náms- og starfsráðgjöf
- Reglugerð um sérkennslu
- Búnaður, húsnæði, aðstaða
- Sjálfsmat, þróunaráætlanir, notkun matsupplýsinga
- Skilvirkni skólastjórnenda, fagmennska, samskipti

Áætlun um umbætur:

- Brugðist verður við niðurstöðum úr árlegri skimun, sem lögð var fyrir kennara í vorið 2010, í upphafi næsta skólaárs 2010-2011. Þá verður starfsfólki gerð grein fyrir niðurstöðum skimunarinnar. Sterkir og veikir þættir skólastarfsins, skv. skimuninni ræddir og áætlun gerð um umbætur þar sem þeirra er þörf og þeim forgangsraðað.

Áform um þróunar- og nýbreytnistarf

Næstu skref í þróunar- og nýbreytnistarfi í Varmahlíðarskóla verða dregin saman hér í stuttu máli.

- Unnið er að gerð útikennslustofu í skóginum í Varmahlíð. Búið er að finna útikennslustofunni stað í skóginum vestan við skólann og starfsfólk allt virkjað til þátttöku í verkefninu. Þegar er farið að safna kennsluverkefnum saman á aðgengilegan stað til nota fyrir kennara og verður þeirri vinnu haldið áfram næsta skólaár.
- Áfram verður haldið að feta veginn í átt að Grænfánanum. Í haust verður væntanlega búið að finna úrræði vegna losunar á flokkuðu sorpi við Varmahlíðarskóla. Grænfánanefnd ráðgerir frekari fræðslu til nemenda og starfsfólks varðandi Grænfánaverkefnið og sérstaklega um flokkun á sorpi.
- Uppfærsla starfsmannahandbókar stendur yfir og verður framhaldið.
- Næsta skólaár verður áfram unnið að endurskoðun skólanámskrár Varmahlíðarskóla. Lögð verður áhersla á að vinna við almenna hluta námskrárinnar. Stefnt er að því að vinna við skólanámskrá ljúki vorið 2011. Námskráin verði þó ávallt í stöðugri endurskoðun svo sem vera ber.
- Áætlað er að vinna fari í að samræma fyrir hvað vinnueinkunn og prófseinkunn standa. Kennarar munu setja fram í kennsluáætlunum vægi einstakra prófa og verkefna í prófseinkunn.

- Samstarfi skólans og Leikskólans Birkilundar verður haldið áfram. Verkefnið ber yfirheitið *Gaman saman* og byggir á gagnkvæmum heimsóknum nemenda og starfsfólks skólanna.
- Áfram verður haldið með verkefnið *sumarlestur*. Í því skyni verður bókasafnið opið hálfsmánaðarlega í sumar, tvo tíma í senn, og er nemendum 1.- 5. bekkjar boðið að taka þátt í svokölluðum *sumarlestri*. Tilgangurinn með því er að hvetja til lestrar yfir sumartímam því það er viðurkennd staðreynd að þeim fer aftur sem hættu að lesa á sumrin. Verður þetta í sjöunda sinn sem boðið er upp á sumarlestur því viðbrögð hafa verið góð. Allir nemendur, fjölskyldur þeirra og starfsfólk skólans eru velkomin á safnið á opnunartíma í sumar.
- Ný þriggja ára áætlun um sjálfsmat tekur gildi. Þar verður sjálfsmatsvinna í gegnum gæðagreinana aðlöguð að nýrri útgáfu *How good is our school 3* þar sem fyrir liggur ný íslensk þýðing á sjálfsmatskerfinu. Gæðagreinarnir verða aðlagðir sérstaklega að skólastarfi í Varmahlíðarskóla þar sem þurfa þykir. Áætlun um sjálfsmat má sjá í sérkafla í sjálfsmatsskýrslu.
- Eineltisáætlun Olweusar. Gert er ráð fyrir að allir starfsmenn skólans fái námskeið til stuðnings sínu starfi varðandi einelti og forvarnir gegn því í upphafi næsta skólaárs. Einnig er gert ráð fyrir sérstakri fræðslu fyrir foreldra og nemendur. Varmahlíðarskóli og Árskóli sóttu sameiginlega um styrk í Sáttmálasjóðinn vegna fræðslufyrirlestra og verður hann nýttur á haustmánuðum.
- UTN verður áfram í boði fyrir nemendur í 10. bekk í samstarfi við FNV.
- Áfram verður unnið að Comeniusarverkefninu Healty child – happy child. Gert er ráð fyrir að því samstarfsverkefni ljúki vorið 2011.
- Áform eru um að hefja nýtt Comeniusarverkefni næsta vetur ef framhaldsstyrkur fæst. Verkefnið heitir *Living near a volcano* og er samstarfsverkefni skóla í alls sex löndum. Þátttökulöndin eru Frakkland, Þýskaland, Spánn, Tyrkland og Portúgal, auk Íslands. Gert er ráð fyrir að svör um styrkveitingu berist í júní 2010.
- Þróunarverkefni um menningararfinn og heimabyggðina verður unnið áfram á næsta skólaári

Áætlun um innra mat 2010-2013

Skólaár	2010-2011	2011-2012	2012-2013
Haustönn	Foreldrakönnun	Foreldrakönnun	Foreldrakönnun
	Foreldraviðtöl	Foreldraviðtöl	Foreldraviðtöl
	Lykilþáttur 1	Lykilþáttur 5	Lykilþáttur 7
Miðönn	Nemendakönnun	Nemendakönnun	Nemendakönnun
	Starfsmannakönnun	Lykilþáttur 5	Lykilþáttur 8
	Lykilþáttur 2		
Vorönn	Árleg skimun	Árleg skimun	Árleg skimun
	Lykilþáttur 4	Lykilþáttur 6	Lykilþáttur 9
Júní	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla

Til glöggvunar á matsþáttum á hverjum tíma er sett hér inn yfirlit yfir lykilþætti og gæðagreina úr sjálfsmatskerfinu Gæðagreinar 2.

Yfirlit lykilþátta og gæðagreina úr **Gæðagreinum 2**

Nr	Gæðagreinir	Þemu
Heildarárangur		
1.1	Framfarir í skólastarfi	<ul style="list-style-type: none"> Árangur/frammistaða nemenda yfir ákveðið tímabil Gæði námsárangurs nemenda Áhrif þróunaráætlunar skólans
1.2	Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur	<ul style="list-style-type: none"> Fjárhagsleg stjórnun Samræmi skólastarfsins við lög og reglur og vilji til að taka leiðsögn og fylgja tilmælum um starfshætti
Áhrif á nemendur		
2.1	Námsreynsla nemenda	<ul style="list-style-type: none"> Að hve miklu leyti áhugi nemenda er vakinn og þeir hvattir til virkrar þátttöku í eigin námi og þroska

2.2	Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi	<ul style="list-style-type: none"> • Að hvaða marki, foreldrar, forráðamenn og fjölskyldur eru virkir þátttakendur í starfi skólans
Áhrif á starfsfólk		
3.1	Þátttaka starfsfólks í starfi skólans	<ul style="list-style-type: none"> • Skuldbinding starfsfólks og virk þátttaka þess í starfi skólans
Áhrif á samfélagið		
4.1	Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið	<ul style="list-style-type: none"> • Umfang þátttöku skólans í nærsamfélaginu
4.2	Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild	<p>Að hve miklu leyti skólinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • hvetur til nýbreytni og styður við umbótastarf, lærir af frumkvöðlastarfi og tileinkar sér árangur þess • hefur áhrif á stefnu og starf í víðu samhengi • sér fyrir og bregst fljótt og á sveigjanlegan hátt við breytingum • lætur sig varða og tekur þátt í samræðu um málefni heimsins
Menntun		
5.1	Skólanámskrá	<ul style="list-style-type: none"> • Forsendur og framsetning skólanámskrárinnar • Þróun námskrárinnar • Námsgreinar og námsþættir • Færsla nemenda á milli skólastiga
5.2	Kennsla sem leiðir til árangursríks náms	<ul style="list-style-type: none"> • Námsmenning og kennsluaðferðir • Samskipti kennara og nemenda, og þátttaka nemenda í námsverkefnum • Skýrleiki og tilgangur tjáskipta • Mat sem liður í kennslu
5.3	Til móts við námsþarfir	<ul style="list-style-type: none"> • Verkefni, viðfangsefni og úrræði • Greining námsþarfa • Hlutverk kennara og sérfræðinga • Framkvæmd í samræmi við ákvæði laga
5.4	Mat í þágu náms/leiðsagnarmat	<ul style="list-style-type: none"> • Matsaðferðir • Áætlanir um nám og viðfangsefni • Notkun matsupplýsinga til að greina námsstöðu nemenda og skipuleggja áframhaldandi nám • Fyrirkomulag skráningar og vitnisburðar
5.5	Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri	<ul style="list-style-type: none"> • Væntingar starfsfólks og notkun hróss • Væntingar nemenda og skilningur þeirra á árangri • Efling og viðhald skólabrags stuðlar að árangri

		<ul style="list-style-type: none"> • Samskipti starfsfólks og nemenda
5.6	Jafnrétti og sanngirni	<ul style="list-style-type: none"> • Leiðir til námsaðlögunar - skóli fyrir alla • Stuðlað að jafnrétti og sanngirni • Trygging jafnréttis og sanngirni
5.7	Samstarf við nemendur og foreldra	<ul style="list-style-type: none"> • Þátttaka foreldra í námi barna sinna og starfi skólans • Samráð og samskipti við nemendur og foreldra • Samræður við nemendur og foreldra um skólalastarfið
5.8	Umhyggja, velferð og þroski nemenda	<ul style="list-style-type: none"> • Skipulag til að tryggja umhyggju, velferð og öryggi barna • Aðferðir og úrræði til að mæta tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og ungmenna • Náms- og starfsráðgjöf
5.9	Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs	<ul style="list-style-type: none"> • Hollusta við sjálfsmat • Stjórnun sjálfsmats • Umbætur í skólalastarfi
Stefnumótun og áætlanagerð		
6.1	Endurskoðun skólalastefnu og þróunarvinna	<ul style="list-style-type: none"> • Umfang, skýrleiki og gagnsemi markmiða og stefnumótunar • Innra samræmi stefnumótunar • Stjórnun, mat og endurskoðun skólalastefnunnar
6.2	Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð	<ul style="list-style-type: none"> • Virk þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð • Samskipti og samráð
6.3	Þróunaráætlanir	<ul style="list-style-type: none"> • Mótun, framkvæmd og mat á þróunaráætlun • Uppbygging og innihald þróunaráætlunar • Notkun upplýsinga • Samstarf við stofnanir og þjónustuaðila um þróunaráætlun • Áætlun um sjálfbærni
Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk		
7.1	Mönnun, ráðningar og stöðugleiki	<ul style="list-style-type: none"> • Mannafli • Ráðningar, stöðuveitingar og móttaka starfsmanna • Umsjón og velferð starfsmanna • Viðurkenning á árangri í starfi
7.2	Nýting mannafla og teymisvinna	<ul style="list-style-type: none"> • Skynsamleg og gegnsæ skilgreining ábyrgðar • Nýting mannafla og samstarfsaðila • Skilvirkni teymisvinnu • Boðskipti
7.3	Starfsþróun og	<ul style="list-style-type: none"> • Starfsmat, viðtöl og stuðningur í starfi

	starfsmat/starfsmann naviðtöl	<ul style="list-style-type: none"> • Þjálfun og starfsþróun • Samstarf við samstarfsaðila um endurmenntun starfsmanna
Samvinna og búnaður		
8.1	Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn	<ul style="list-style-type: none"> • Tilgangur og markmið eru ljós • Þverfagleg samvinna og samstarf stofnana • Hlutverk starfsmanna í samstarfi
8.2	Fjármálastjórn	<ul style="list-style-type: none"> • Fjárveiting og fjárhagsáætlun • Fjármálastjórnun • Fjárhagsáætlun og tengsl við skólanefnd og sveitarstjórn • Hagkvæm nýting fjármagns til að styðja við eflingu skólastarfs
8.3	Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis	<ul style="list-style-type: none"> • Húsnæði og sýnileiki og framsetning verka nemenda • Aðgengi að búnaði • Skipulag og notkun búnaðar og umhverfis • Ráðstafanir til að tryggja heilbrigði og öryggi
8.4	Gagnavarsla og nýting upplýsinga	<ul style="list-style-type: none"> • Söfnun, varðveisla og aðgengi gagna • Miðlun upplýsinga • Greining, mat og notkun upplýsinga
Forysta		
9.1	Sýn, gildi og markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Samhljómur með sameiginlegri sýn, gildum og markmiðum samfélagsins • Miðlun og viðhald sýnar • Efling jákvæðra viðhorfa til félags- og menningarlegs margbreytileika
9.2	Forysta og framtíðaráform	<ul style="list-style-type: none"> • Kerfisbundin áætlanagerð og miðlun upplýsinga • Markviss nýting bjarga
9.3	Efling starfsmanna og samvinnu	<ul style="list-style-type: none"> • Efling forystuhæfni • Myndun og viðhald tengsla • Samstarf og teymisvinna
9.4	Forysta um framfarir og breytingar	<ul style="list-style-type: none"> • Stuðningur og áskoranir • Sköpun, nýbreytni og breytingar • Stöðugar framfarir

Viðaukar

Viðauki I

Niðurstöður úr árlegri skimun kennara maí 2010

Gæðagreinar og þemu heildarniðurstaða VHS 2010.	Eink 1	Eink 2	Eink 3	Eink 4	Svörun	Meðaleinkunn	% m	Vor 2009	Vor 2008
							eink 3 eða 4		
1.1 Uppbygging skólanámskrár, breidd og jafnvægi	5	5	1	3	14	2,14	29%	58%	85%
1.1 Uppbygging skólanámskrár, samþætting	6	2	5	0	13	1,92	38%	25%	38%
1.1 Uppbygging skólanámskrár, stundaskrá	2	0	10	2	14	2,86	86%	75%	92%
1.1 Uppbygging skólanámskrár, valgreinar	10	3	1	0	14	1,36	7%	0%	38%
1.2 Gæði áætlana, breidd, jafnvægi, val	3	7	3	0	13	2,00	23%	54%	79%
1.2 Gæði áætlana, samþætting, samfella, áframhald	2	7	3	0	12	2,08	25%	69%	86%
1.2 Gæði áætlana, stuðningur/leiðsögn við kennara	3	5	4	2	14	2,36	43%	54%	93%
1.3 Gæði áætlana, námsáætlanir kennara	1	2	11	0	14	2,71	79%	79%	69%
2.1 Árangur nemenda í einstökum greinum	0	1	12	0	13	2,92	92%	100%	100%
2.2 Árangur nemenda í samræmdum prófum	1	1	8	2	12	2,92	83%	92%	86%
2.3 Heildarmat á gæði árangurs	0	3	8	1	12	2,83	75%	92%	100%
3.1 Gæði kennslunnar, val á kennsluaðferðum	0	1	10	2	13	3,08	92%	86%	100%
3.1 Gæði kennslunnar, framsetning og tilgangur	0	0	13	0	13	3,00	100%	86%	100%
3.1 Gæði kennslunnar, samskipti milli nemenda og kennara	0	0	8	6	14	3,43	100%	100%	100%
3.2 Gæði námsins, hvetjandi	0	2	10	1	13	2,92	85%	100%	86%
3.2 Gæði námsins, framfarir	0	0	12	0	12	3,00	100%	100%	93%
3.2 Gæði námsins, eigin ábyrgð nemenda á náminu	0	7	5	0	12	2,42	42%	36%	43%
3.2 Gæði námsins, samvinna og samskipti	0	2	11	0	13	2,85	85%	93%	93%
3.3 Þarfir nemenda, val á námsefni og verkefnum	1	2	10	0	13	2,69	77%	79%	71%
3.3 Þarfir nemenda, hraði yfirferðar	1	2	10	0	13	2,69	77%	79%	79%
3.3 Þarfir nemenda, reynsla og áhugasvið nemenda	1	5	6	1	13	2,54	54%	57%	43%
3.3 Þarfir nemenda, framlag stuðningsaðila	1	4	7	1	13	2,62	62%	100%	64%
3.4 Mat sem liður í kennslu, mats- og skráningaraðferðir	0	2	6	2	10	3,00	80%	71%	64%
3.4 Mat sem liður í kennslu, gæði matsákvæðana	0	3	7	0	10	2,70	70%	71%	93%
3.4 Mat sem liður í kennslu, notkun matsupplýsinga	0	6	4	0	10	2,40	40%	79%	100%
3.5 Samskipti við foreldra, skipulag foreldrasamskipta	0	2	10	1	13	2,92	85%	93%	100%
3.5 Samskipti við foreldra, uppl. um einstaka nemendur	0	1	11	1	13	3,00	92%	100%	100%
3.5 Samskipti við foreldra, uppl. um skólastarfið	0	2	10	2	14	3,00	86%	100%	100%
4.1 Umönnun, þarfir nemenda	0	0	12	2	14	3,14	100%	100%	100%
4.1 Umönnun, stuðningur við nemendur	0	2	10	2	14	3,00	86%	100%	100%
4.2 Þroski og lífsleikni, jákvæð viðhorf	0	0	12	2	14	3,14	100%	100%	100%
4.2 Þroski og lífsleikni, viðburðir utan námskrár	1	4	8	1	14	2,64	64%	64%	100%
4.3 Gæði náms- og starfsráðgjafar, val á menntun	1	9	1	0	11	2,00	9%	46%	100%
4.3 Gæði náms- og starfsráðgjafar, tilgangur upplýsinga	1	7	3	0	11	2,18	27%	46%	93%
4.3 Náms- og starfsráðgjöf, sérþekking	2	8	0	0	10	1,80	0%	14%	57%
4.4 Hlutverk ráðgjafar í árangri, skilvirkni	1	2	10	1	14	2,79	79%	77%	100%
4.4 Hlutverk ráðgjafar, gæði skráðra upplýsinga	1	5	8	0	14	2,50	57%	69%	93%
4.4 Hlutverk ráðgjafar, notkun fyrirbyggjandi upplýsinga	1	6	5	0	12	2,33	42%	54%	86%
4.5 Stuðningur, gæði áætlana	1	6	5	1	13	2,46	46%	93%	100%
4.5 Stuðningur, framfarir og árangur	0	4	8	0	12	2,67	67%	86%	100%
4.5 Stuðningur, utanaðkomandi ráðgjöf	0	4	9	0	13	2,69	69%	71%	86%

4.6 Reglugerð um sérkennslu, uppfylling ákvæða	2	4	6	0	12	2,33	50%	90%	100%
4.6 Reglugerð um sérkennslu, framkvæmd ákvæða	1	4	6	1	12	2,58	58%	90%	93%
4.6 Reglugerð um sérkennslu, þekking og skilningur	1	2	7	2	12	2,83	75%	70%	100%
4.7 Úrræði, skilvirkni ákvarðana um sérkennslu	2	5	5	1	13	2,38	46%	100%	100%
4.7 Úrræði, skilvirkni ákvarðana vegna sérkennslu	2	4	6	1	13	2,46	54%	100%	100%
5.1 Starfsandi, stolt, ánægja, jafnrétti, sanngirni	0	1	9	4	14	3,21	93%	93%	100%
5.1 Starfsandi, jákvætt andrúmsloft	0	0	9	5	14	3,36	100%	100%	100%
5.1 Starfsandi, samskipti meðal nem. og kenn.	0	0	9	5	14	3,36	100%	100%	100%
5.1 Starfsandi, væntingar, notkun uppörvunar	0	0	13	1	14	3,07	100%	93%	100%
5.1 Starfsandi, hegðun og agi	0	2	9	3	14	3,07	86%	93%	100%
5.2 Samstarf, hvatning til foreldra	0	2	10	2	14	3,00	86%	79%	93%
5.2 Samstarf við foreldra, viðbrögð	0	4	6	3	13	2,92	69%	86%	93%
5.2 Samstarf við foreldra, skilvirkni	0	2	9	0	11	2,82	82%	73%	67%
5.3 Tengsl við aðrar menntastofnanir, tilgangur, notagildi	0	4	8	2	14	2,86	71%	67%	64%
5.3 Tengsl við félagsamtök, atvinnurekendur, samfélagið í heild	0	4	10	0	14	2,71	71%	75%	14%
5.3 Tengsl við opinberar stofnanir	0	4	6	4	14	3,00	71%	92%	50%
6.1 Húsnæði og aðstaða	1	4	8	1	14	2,64	64%	93%	43%
6.2 Búnaður, nægilegt fjármagn	1	8	5	0	14	2,29	36%	79%	79%
6.2 Búnaður, nægur, fjölbreyttur, viðeigandi	1	4	8	1	14	2,64	64%	86%	79%
6.3 Skipulag, aðgengi búnaðar	1	3	9	1	14	2,71	71%	86%	86%
6.3 Skipulag, nýting	0	3	7	4	14	3,07	79%	100%	86%
6.3 Skipulag, sýning	0	4	8	1	13	2,77	69%	86%	86%
6.4 Mannafli, nægur	0	1	7	6	14	3,36	93%	100%	100%
6.4 Mannafli, starfsfólk hæft	0	2	10	2	14	3,00	86%	100%	100%
6.5 Nýting mannafla, skilvirkni kennarahóps	1	0	11	1	13	2,92	92%	100%	100%
6.5 Nýting mannafla, skipting kennara á bekki	0	0	8	5	13	3,38	100%	100%	86%
6.5 Nýting mannafla, möguleikar á stuðningi	0	0	10	4	14	3,29	100%	100%	100%
6.5 Nýting mannafla, stuðningsfulltrúar	0	1	8	5	14	3,29	93%	100%	100%
6.6 Starfsmat, símenntun, endurmenntunarstefna skólans	1	5	7	0	13	2,46	54%	64%	79%
6.6 Starfsmat	1	5	6	0	12	2,42	50%	92%	93%
6.6 Starfsmat, skilvirkni starfsþróunar	2	4	6	0	12	2,33	50%	71%	86%
6.7 Rekstur, dagleg fjárhagsstjórnun	0	0	6	6	12	3,50	100%	100%	100%
6.7 Rekstur, fjárhagsáætlun	0	0	7	5	12	3,42	100%	100%	100%
6.7 Fjárhagur skólans	0	0	5	6	11	3,55	100%	100%	100%
7.1 Sjálfsmat, þátttaka starfsfólks	0	0	8	6	14	3,43	100%	100%	100%
7.1 Sjálfsmat, millistjórnendur	0	2	9	3	14	3,07	86%	92%	73%
7.1 Sjálfsmat, notkun matsupplýsinga	1	4	5	2	12	2,67	58%	91%	86%
7.1 Sjálfsmat, stjórnun skólans	1	3	7	1	12	2,67	67%	82%	60%
7.2 Þróunaráætlun, uppbygging	0	5	5	0	10	2,50	50%	80%	
7.2 Þróunaráætlun, innihald	0	4	6	0	10	2,60	60%	80%	
7.2 Þróunaráætlun, framsetning	0	3	6	0	9	2,67	67%	80%	
7.3 Framkvæmd þróunaráætlunar, markmið	2	2	5	0	9	2,33	56%	67%	
7.3 Framkvæmd þróunaráætlunar, áhrif	2	2	5	0	9	2,33	56%	67%	
7.4 Skilvirkni skólastjórnenda, fagmennska	1	3	8	1	13	2,69	69%	92%	100%
7.4 Skilvirkni skólastjórnenda, gæði stjórnunar	2	1	9	1	13	2,69	77%	92%	93%
7.4 Skilvirkni skólastjórnenda, samskipti	1	5	6	1	13	2,54	54%	100%	86%
7.5 Skilvirkni millistjórnenda, skilgreining	1	1	10	0	12	2,75	83%	100%	
7.5 Skilvirkni millistjórnenda, einstaklingsins	1	1	10	0	12	2,75	83%	100%	
7.5 Skilvirkni millistjórnenda, hópsins	1	1	10	0	12	2,75	83%	100%	

Viðauki II

Bréf til úttektaraðila dagsett 28. október 2009.



Varmahlíð 28. okt. 2009.

Kæri Trausti og Guðmundur!

Við þökkum fyrir heimsókn ykkar þann 8. október sl. þar sem þið unnuð úttekt á sjálfsmatsaðferðum Varmahlíðarskóla. Það er styrkur fyrir skólasterfið að fá umsögn úttektaraðila á sjálfsmatsaðferðum skólans þar sem markmið sjálfsmatsvinnu er ætíð að stuðla að umbótum í skólasterfi. Við erum í heildina séð ánægð með niðurstöður matsins en viljum gera nokkrar efnislegar athugasemdir og einnig fá frekari rökstuðning ykkar fyrir eftirfarandi atriðum:

- Í **Stöðu sjálfsmats** kemur fram staða sjálfsmats m.t.t. einstakra þátta. Hvað er átt við með að staða sjálfsmats vegna **ytri tengsla** séu ekki hafin? Einnig spyrjum við um liðinn **annað mat** - ekki hafið, til hvaða þátta eruð þið að vísa þar?
- Í liðnum um **sjálfsmatsaðferðir** kemur fram að tengsl sjálfsmats við markmiðssendingu í skólanámskrá séu ekki skýr, hvað eigið þið við með því?
- Fram kemur í niðurstöðum um **framkvæmd sjálfsmats** að **vel** hafi verið staðið að eftirfarandi þáttum: markmið, stjórnun, nám, kennsla, námsmat, nemendur, starfsfólk, aðbúnaður. Í **heildarniðurstöðu** kemur hins vegar fram að framkvæmd sjálfsmatsins teljist fullnægjandi **að hluta**. Í hverju felst þessi munur á niðurstöðum ykkar um framkvæmd sjálfsmatsins?
- Einnig kemur fram í niðurstöðum um **framkvæmd sjálfsmats** að ekki hafi verið sett fram viðmið um hvað bættur árangur í einstökum þáttum feli í sér, hvað eigið þið við með því?
- Í **heildargreiningar** kemur fram að **afmarka mætti sjálfsmatið betur með sjálfsmatsspurningum**. Sjálfsmatið er ætíð afmarkað með sjálfsmatsspurningum. Þrjár spurningar liggja til grundvallar þegar unnið er með hvern lykilorð og gæðagreini. Þær eru:
 - Hvernig stöndum við okkur?
 - Hvernig vitum við það?
 - Hvað gerum við næst?

Spurningarnar eru rauði þráðurinn í sjálfsmatinu og eru kveikjan að umræðum starfsfólks í þeim þáttum sem verið er að meta hverju sinni. Því erum við ekki sátt við athugasemdir við að sjálfsmatsspurningar vanti.

- Við gerum ekki athugasemdir varðandi mat ykkar á framsetningu sjálfsmatsskýrslu.
- Í greinargerð um **framkvæmd sjálfsmats** kemur fram **að ekki liggi fyrir mat skólans á því hvort markmiðum í aðgerða- og þróunaráætlun hafi verið náð**. Við bendum á að

mat skólans á því hvort markmiðum í aðgerða- og þróunaráætlunum hafi verið náð **liggur fyrir** í árlegri skimun sem lögð er fyrir kennara að vori.

Með vinsemd og virðingu,

Páll Dagbjartsson, skstj.

Helga Harðardóttir, kennsluráðgjafi

Viðauki III

Bréf til Fræðslustjóra dagsett 10. mars 2010.



10. mars 2010

Efni bréfs:

Viðbrögð við niðurstöðum úttektar á sjálfsmatsaðferðum í Varmahlíðarskóla

Þann 8. október 2009 var úttekt gerð á sjálfsmatsaðferðum Varmahlíðarskóla. Úttektin var gerð á vegum Menntamálaráðuneytisins og úttektaraðilar komu frá Háskólanum á Akureyri. Niðurstöður úttektarinnar bárust í Varmahlíðarskóla í bréfi dagsettu 21. október 2009 og skólastjórar beðnir um að bregðast við skriflega ef einhverjar athugasemdir væru um niðurstöður úttektarinnar. Í heildina séð vorum við nokkuð sátt við niðurstöður úttektarinnar en gerðum jafnframt efnislegar athugasemdir við nokkra þætti hennar. Sjá meðfylgjandi bréf dags. 28. okt. 2009. Í kjölfarið eða 2. desember áttu skólastjórnendur og kennsluráðgjafi Varmahlíðarskóla símafund með úttektaraðilum, þar sem rætt var um þær athugasemdir sem skólinn gerði við niðurstöður úttektarinnar. Heildarniðurstöður úttektar bárust skólanum frá Menntamálaráðuneyti 22. janúar sl.

Varðandi heildarniðurstöður úttektar þar sem fram kemur að *sjálfsmatsaðferðir teljist fullnægjandi en framkvæmd sjálfsmatsins fullnægjandi að hluta* viljum við að eftirfarandi komi fram:

Varmahlíðarskóli hóf sjálfsmatsvinnu árið 1998 og studdist fyrst í stað við kerfið *Skólarýni*, en það kerfi var samið og staðfært hjá Háskólanum á Akureyri. Skólinn tók þátt í þróun á því kerfi ásamt nokkrum öðrum skólum á Norðurlandi. Nutum við leiðsagnar frá háskólanum fyrstu árin á meðan innleiðing fór fram. Árið 2002 var skipt um kerfi og hafin vinna með sjálfsmatskerfið *Gæðagreinar*. (*How good is our school*). Sjálfsmatsáætlun samkvæmt „*Gæðagreinum*“ nær til þriggja ára í senn og nær til allra þátta skólastarfsins. Árið 2004 fór fram úttekt á vegum menntamálaráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir í skólanum og varð niðurstaðan þá „fullt hús stiga“. Á síðustu misserum hefur sjálfsmatið verið þróað á þann veg að nú tekur allt starfsfólkið þátt í matsferlinu. Sjálfsmatið er orðið einn af lykilþáttum skólastarfsins og grundvöllur umbótastarfs í skólanum. Leitað hefur verið leiða til að þróa matskerfið enn frekar að skólastarfi í Varmahlíðarskóla og í því tilliti hefur m.a. verið virk samvinna við Árskóla á Sauðárkróki og stuðst við nákvæmlega sömu aðferðafræði að því séð verður. Það vekur nokkra undrun meðal starfsfólks Varmahlíðarskóla að nú skuli sjálfsmatsaðferðir skólans ekki teljast fullnægjandi nema að hluta, sérstaklega í ljósi þess sem að framan greinir.

Eins og fram kemur í okkar athugasemdum frá 28. október s.l. þá erum við ekki að öllu leyti sammála túlkun úttektaraðilanna, en engu að síður þá hefur þegar verið sett í gang ferli til að bregðast við athugasemdum. Geta má þess að við vonumst eftir því að ný þýðing og staðfærsla á Gæðagreinum verði tilbúin á vordögum 2010.

Áætlun um úrbætur:

Í ljósi niðurstöðu úttektar um sjálfsmatsaðferðir í Varmahlíðarskóla hyggst skólinn gera eftirfarandi úrbætur:

- Sjálfmatsskýrsla verður endurskoðuð og endurbætt. Framsetningu skýrslunnar breytt í samræmi við athugasemdir s.s. um samantekt á niðurstöðum matsþátta hvers skólaárs, gerð betri grein fyrir skoðunarþáttum á hverjum tíma og reynt verður að setja sjálfmatsskýrsluna fram á aðgengilegri hátt fyrir lesendur.
- Sjálfsmatsáætlun til þriggja ára verður sett fram á ýtarlegri hátt í sjálfsmatsskýrslu.
- Greinargerð um umbætur og hvernig mat á þeim fer fram verður sett fram á skýrari hátt. Þær upplýsingar liggja þó ávallt fyrir í skimun sem lögð er fyrir kennara að vori en reynt verður að koma til móts við óskir úttektaraðila með samantekt á niðurstöðum þeirrar skimunar í stuttu máli í sjálfsmatsskýrslu.
- Vinna er þegar hafin við að tengja betur markmið skólanámskrár við sjálfsmatsaðferðir skólans. Höfum við nú hrundið af stað sérstöku þróunarverkefni í skólanum sem felst í því að endurbæta skólanámskrá skólans. Sérfræðingur á Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri tekur þátt í því verkefni með ráðgjöf.
- Ráðgert er að skrifa stutta greinargerð vegna áhrifa sjálfsmatsins á skólastarfið í Varmahlíðarskóla, hvaða þýðingu það hefur fyrir skólastarfið og til hvaða umbóta það hefur leitt. Greinargerðin mun verða birt í sjálfsmatsskýrslu skólans vorið 2010.

Virðingarfyllst,

Kennsluráðgj.

Skólastjóri